



Reykjavík, 30. janúar 2024

MSS24010162

Borgarráð

Tillögur vegna reglulegs eigendafundar í Orkuveitu Reykjavíkur 2. febrúar 2024 vegna 2023.

Boðað hefur verið til reglulegs eigendafundar í Orkuveitu Reykjavíkur (OR), sbr. ákvæði 5.5. í sameignarsamningi um félagið, þann 2. febrúar n.k. vegna 2023. Samkvæmt grein 5.4. í sameignarsamningi hafa handhafar eigendavalds Orkuveitu Reykjavíkur tillögu- og atkvæðisrétt á eigendafundum. Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigendastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beitingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna.

Eftirfarandi tillögur verða lagðar fram til afgreiðslu á eigendafundi OR þann 2. feb. n.k.:

3. Tillaga um rýni og mögulega endurskoðun eigendastefnu. Til samþykktar.
4. Heildarstefna OR. Til samþykktar.
5. Arðsemisstefna. Til samþykktar.
6. Arðgreiðslustefna. Til samþykktar (m.br.).
7. Áhættustefna. Til samþykktar.

Lagt er til að borgarráð samþykki að vísa tillögu 3 til umsagnar borgarlögmanns, að vísa tillögu 4 til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og borgarlögmanns, að tillögum 5, 6 og 7 verði vísað til umsagnar til fjármála- og áhættustýringasviðs til umsagnar.

Trúnaður ríkir um afgreiðslu borgarráðs og gögn málsins fram yfir eigendafund OR.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:
Fundarboð eigendafundar feb. 2024
Fjárhagsspá 2023 og langtímaspá 2024-2028
Skýrsla um framfylgd eigendastefnu
Tillaga varðandi eigendastefnu
Stefna Orkuveitunnar
Arðsemisstefna
Arðgreiðslustefna
Minnisblað – Rýni arðsemis- og arðgreiðslustefnu
Áhættustefna
Minnisblað – Rýni áhættustefnu



Reykjavík

Reykjavík, 19. 1. 2024.
/ES/

Til eigenda OR

Efni: Fundarboð á reglubundinn eigendafund OR 2. febrúar 2024 vegna 2023.

Boðað er til reglulegs eigendafundar, sbr. ákvæði 5.5. í sameignarsamningi. Samkvæmt ákvæðinu skal fundurinn haldinn í nóvember ár hvert, en þar sem fyrirsjáanlegt var að vinnu við tillögu að heildarstefnu yrði ekki lokið fyrr en í janúar 2024 var ákveðið að fresta þeim fundi þar til nú. Samkvæmt grein 5.4. í sameignarsamningi hafa handhafar eigendavalds Orkuveitu Reykjavíkur tillögu- og atkvæðisrétt á eigendafundum.

Samkvæmt eigendastefnu OR er gert ráð fyrir að eigendafundur séu boðaðir með 7 daga fyrirvara. Á aðalfundi OR þann 26. apríl 2023 benti á að samkvæmt nýrri eigendastefnu Reykjavíkurborgar skyldu fundargögn aðalfunda félaga innan samstæðu Reykjavíkurborgar leggjast fyrir borgarráð. Því þyrftu þau að berast með fundarboði, 14 dögum fyrir aðalfund. Í samræmi við það er hér með boðað til eigendafundar með 14 daga fyrirvara.

Að höfðu samráði við eigendur er hér með boðað til fundarins föstudaginn 2. febrúar næstkomandi kl. 13:30. Fundurinn verður haldinn að Bæjarhálsi 1 með möguleika á þátttöku um fjarfundabúnað.

1. Fjárhagsspá 2024 og langtímaspá 2024 - 2028. Til kynningar.
2. Skýrsla um framfylgd eigendastefnu. Til kynningar.
3. Tillaga um rýni og mögulega endurskoðun eigendastefnu. Til samþykktar.
4. Heildarstefna OR. Til samþykktar.
5. Arðsemisstefna. Til samþykktar.
6. Arðgreiðslustefna. Til samþykktar (m. br.)
7. Áhættustefna. Til samþykktar
8. Önnur mál.

Virðingarfyllt,


Sævar Freyr Þráinsson
forstjóri



Fjárhagsspá Orkuveitu Reykjavíkur 2024 – 2028

Uppbygging samstæðu í fjárhagsspá

Forsenda um aðkoma nýrra hluthafa í dótturfélög mun breyta „áferð“ samstæðunnar á áætlunartímabilinu



Samantekt á helstu atriðum

Traustur rekstur, aukin fjárfestingarþörf og tækni til framtíðar



- Fjárhagslegur styrkur til að sinna grunnhlutverkum og nýjum áskorunum
- Talsverð fjárfestingarþörf í öllum fyrirtækjum
- Rannsóknir á nýjum svæðum til að tryggja betur orkuöflun til framtíðar
- Fjárfestingar á Bæjarhálsi



- Breytingar á gjaldskrá að mestu tengdar væntum hækkunum vísitölu hjá Veitum en gjaldskrá óbreytt hjá Vatns- og Fráveitu
- Arðsemi eigna vex á spátímabilinu hjá Veitum en lækkar lítillega hjá Vatns- og Fráveitu
- Forðaaukandi aðgerðir bætast við í fjárfestingum
- Samstarfsverkefni við sveitarfélög fyrirferðamikil í fyrirhuguðum fjárfestingum



- Tekjuaukning vegna vaxtar í Jarðhitagarði, endurnýjunar á raforkusamningum, sölu upprunaábyrgða og vaxtar í hleðsluþjónustu
- Orkuöflun, aukin varmaframleiðsla, bygging lofthreinstöðva, uppfærsla stjórnabúnaðar og hleðsluþjónusta stór verkefni í fjárfestingum á spátímabili
- Vaxandi samkeppni á markaði



- Yfirtaka og innleiðing á stofnkerfi Sýnar á 4F 2023
- Gert ráð fyrir hlutfjárukningu um mitt ár 2024
- Uppbygging á landshring
- Uppfærsla kerfa og búnaðar fyrir 10Gb



- Gert ráð fyrir að nýir fjárfestar komi að félaginu fyrir árslok 2023
- Mikill kraftur að færast í Coda Terminal verkefnið í Straumsvík
- Frekari þróun og uppbygging kolefnisbindingar í bergi t.d. með saltvatni
- Aukin sókn á alþjóðlega markaði

Helstu efnahagsforsendur

Útkomuspá 2023 og forsendur fyrir fjárhagsspá 2024 – 2028

Forsendur Haustspá 2023						
Lýsing	2023	2024	2025	2026	2027	2028
Vísitala neysluverðs, breyting (%)	8,7%	4,9%	3,0%	2,6%	2,5%	2,5%
Byggingavísitala (%)	8,8%	5,9%	4,0%	3,1%	3,0%	3,0%
Gengisvísitala, breyting (%)	3,9%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

- Ásamt öðrum forsendum, s.s. þróun á álverði, fjárfestingum Reykjavíkurborgar, íbúða í byggingu, íbúðafjölda og líklegri þróun á samkeppnismarkaði
- Fyrirhugaðar hlutafjárhækkanir hjá Carbfix og Ljósleiðaranum, samtals 63,4 ma.kr. á spátímabilinu
- Tölulegar forsendur byggja á þjóðhagsspá Hagstofunnar frá júní 2023 fyrir tímabilið 2024-2028, Peningamálum Seðlabanka Íslands ágúst 2023 fyrir árið 2023 og Orkuveitu Reykjavíkur vegna útleiðslu á byggingavísitölu
- Þróun álverðs byggir á upplýsingum frá LME (London Metal Exchange)
- Við vaxtaspár var miðað við fóligna framvirka vexti eftir myntum og vaxtakjör einstakra samninga




Orkuveita Reykjavíkur | Móðurfélag

Móðurfélag | Rekstur

ma.kr.

- Vöruvelta (sala innkaupa hjá OR) eykst í takt við auknar fjárfestingar
- Auknar tekjur af Jarðhitasýningu og gert ráð fyrir leigutekjum af B1 frá árinu 2025
- Launakostnaður hækkar minna vegna flutnings á þjónustu til Veitna og ON
- Annar rekstrarkostnaður 2024 þróast að miklu leyti í takt við verðlag


Tekjur, gjöld og EBITDA



Móðurfélag | Mannaflaspá og þróun

- Hjá móðurfélag OR er gert ráð fyrir að fækki um 14 fastráðin stöðugildi á tímabilinu desember 2022 – janúar 2024 og skiptast eftirfarandi:
 - Samtals 41 stöðugildi eru tilfærslur milli félaga innan samstæðunnar
 - 5 stöðugildi færast úr tímabundinni ráðningu í fastráðningu
 - 7 stöðugildi verða til vegna innhýsingar á verk tökum, að mestu í upplýsingatækni
 - 15 nýráðningar eiga sér stað en þar af voru 3 stöðugildi laus fyrir desember 2022

Breyting desember 2022 – janúar 2024




Móðurfélag | Fjárfestingar


ma.kr.

- Stærsta einstaka fjárfesting móðurfélags er Bæjarháls árið 2024, en gert ráð fyrir að breyting hvolfrými klárast á árinu 2023
- Verkefnið Rannsóknir á nýjum svæðum var flutt frá ON til RON. RON leiðir einnig fasa 2 í vindorkuverkefni, IDDP og COMPASS
- Fjárfestingar fjármála lúta aðallega að eignfærslu hjá upplýsingatækni
- Framkvæmdir hjá Elliðaárstöð klárast að mestu sumarið 2024

Fjárfestingar



Fjárfestingar niður á svið








Orkuveita Reykjavíkur | Samstæða

Samstæða | Rekstur


ma.kr.




Samstæða | Mannafloppur og þróun

- Spá gerir ráð fyrir 12 fleiri stöðugildum í árslok 2023 en árslok 2019 (án carbfix)
 - Breytingar á skipulagi innan samstæðu
 - Ljósleiðari stækka vegna kaupa á stofnneti og auknum umsvifum
 - Um 15 ný stöðugildi vegna innhýsingar verktaka
 - Miklar fjárfestingar í fjárhagsspá næstu 2 ár
- Mikil velta á starfsfólki tengd heimsfaraldri COVID-19 sýnir samanburð við 2020 – 2022

Breyting desember 2022 – janúar 2024






Fastráðin stöðugildi í árslok án Carbfix



Samstæða | Fjárfestingar

ma.kr.

- Fjárfestingar í veitukerfum og orkuverum meiri en fyrri ár
 - Ákveðinn í óvissa með hraða í íbúðauppgjöngu og verkefnum tengdum samgöngusáttmála
 - Óvissa með stærri fjárfestingar á seinni hluta spátímabils sem eru utan fjárhagsspár 2024 – 2028
- 229 ma.kr. fjárfestingar á spátímabilinu 2024 – 2028
 - Þar af nema fjárfestingar Carbfix 68 ma.kr. þegar búið er að taka tillit til 14,2 ma.kr. styrkgreiðslna (EU styrkur)



Samstæða | Fjárfestingar

Fjárfestingarþörf líklegri hærri en áætlanir gefa til kynna næstu árin


- Fjárhagsspáin endurspeglar þær fjárfestingar sem gleggst má sjá fyrir í þeim efnum á þessum tíma
- Á síðustu mánuðum eru að birtast okkur nýjar áskorarnir og tækifæri, sem eru mislíkleg að raungerist og mikil greiningarvinna eftir til að hægt sé að taka inn í okkar áætlanir.
- Má þar nefna:
 - Fjárfestingar tengdar yfirlýstum áformum stjórnvalda um auknar kröfur til fráveitna, tengdar EU kröfum
 - Fjárfestingar í innviðum fyrir gervilághitavatn
 - Fjárfestingar í vindorkugarði
 - Bakþrýstivél í Hverahlíð
 - Kaup á borum til að tryggja öflun í lághitaforða
 - Viðhaldsfjárfestingar í veitukerfum líklega vanmetnar á síðustu árum áætlunar

Samstæða | Fjármögnun


ma.kr.

- 119 ma.kr. lántaka
 - Lántaka OR er 95,1 ma.kr.
 - Með innborgun hlutfjár í LL greiðir LL lán upp að fjárhæð 3,7 ma.kr. Gert ráð fyrir 7 ma.kr. lántöku árin 2027-2028
 - Gert er ráð fyrir 17,2 ma.kr. lántöku hjá Carbfix árin 2026-2028
- 91,7 ma.kr. afborganir lána
 - Þungar afborganir lána hjá OR árin 2023 (20,2 ma.kr.) og 2024 (19,2 ma.kr.)
 - Lægri afborganir árin 2025-2028, meðaltali 17,2 ma.kr.
- 61,2 ma.kr. hlutfjárukning
 - Gert ráð fyrir að 11 ma.kr. hlutfjárukningu hjá LL árið 2024
 - Hlutfjárukningu Carbfix stillt upp m.v. fjárþörf hvers tímabils


Vaxtaberandi skuldir




Lántaka



Nettó vaxtaberandi skuldir







Afborganir







Samstæða | Afkoma

ma.kr.




Samstæða | Arðgreiðslumælikvarðar

Arðgreiðsluáætlun byggir á álagsprófi þar sem helst hefur verið horft til áhættu tengdri fjármögnun Carbfix og Ljósleiðarans



OR Móðurfélag | Arðgreiðslur

ma.kr.





HAGSÝNI FRAMSÝNI HEIÐARLEIKI

Orkuveita Reykjavíkur

Horfur 2023
Fjárhagsspá 2024
Langtímaspá 2025-2028

Samþykkt í stjórn
2. október 2023



Efnisyfirlit

<i>Hlutverk og skipulag Orkuveitu Reykjavíkur</i>	3
<i>Stefna OR</i>	4
<i>Inngangur</i>	4
<i>Áherslur 2024-2028</i>	7
<i>Forsendur fjárhagsspár OR 2023-2028</i>	8
<i>Forgangsröðun og mat á fjárfestingum</i>	8
<i>Fjárhagsspá 2024-2028</i>	9
Lykiltölur	15
Horfur og spá 2023-2028 – Rekstrarreikningur	16
Horfur og spá 2023-2028 – Efnahagsreikningur	17
Horfur og spá 2023-2028 – Sjóðstreymi	18

Hlutverk og skipulag Orkuveitu Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur er orku- og veitufyrirtæki sem leggur grunn að lífsgæðum í þeim sveitarfélögum sem hún þjónar. Hún nýtir auðlindir á ábyrgan, sjálfbæran og hagkvæman hátt og af virðingu fyrir náttúrunni án þess að ganga á rétt komandi kynslóða. Gildi Orkuveitu Reykjavíkur eru

Framsýni Hagsýni Heiðarleiki


Skipulag OR má rekja til gildistöku breytinga á raforkulögum í ársbyrjun 2014. OR er nú samstæða þjónustufyrirtækja með þjónandi móðurfélagi. Dótturfélögin eru Veitur, sem sér um uppbyggingu og rekstur vatns-, hita-, raf- og fráveitukerfa sem flest eru starfsrækt með sérleyfi, Orka náttúrunnar, sem rekur orkuver og selur rafmagn á samkeppnismarkaði og heitt vatn, Ljósleiðarinn byggir upp og rekur fjarskiptakerfi á samkeppnismarkaði, og Carbfix, sprotafyrirtæki til útbreiðslu á samnefndri aðferð til kolefnisbindingar.

OR samstæðan



Móðurfélagið, Orkuveita Reykjavíkur, er sameignarfyrirtæki sem starfar samkvæmt sérstökum lögum nr. 136/2013. Eigendur Orkuveitu Reykjavíkur eru þrír; Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. OR lýtur stjórn sem kjörin er af sveitarstjórnnum eigenda. Forstjóri OR fer með hluti OR í dótturfélögum. Innan móðurfélagsins eru þrjú svið sem þjóna allri samstæðunni; Mannauður og menning sem heldur utan um mannauðsmál, simenntun og aðbúnað, Rannsóknir og nýsköpun sem er sameiginlegt þróunarsvið vísinda- og tæknifólks og Fjármál sem hefur meðal annars umsjón með fjármálum samstæðunnar, reikningshaldi, upplýsingatækni, gæða- og upplýsingastjórnun, innkaupum og tekjustýringu. Undir forstjóra heyrja Stjórnshættir og stefna þar sem starfa sérfræðingar í ýmsum málaflokkum sem starfa með öllum fyrirtækjunum í samstæðunni.

Skipurit samstæðu OR (September 2023)



Eigendur Orkuveitu Reykjavíkur



Arðgreiðslur til eigenda taka ávallt mið af:

- arðgreiðsluskilyrðum sem stjórn OR og eigendur samþykktu upphaflega undir lok árs 2015,
- markmiðum stjórnar og eigenda um arðsemi rekstursins og einstakra þátta hans,
- kröfu í eigendastefnu OR um sanngjarnt og samkeppnishæft verð á þjónustu og
- opinberum reglum um arðsemi sérleyfisþátta.

Stefna OR


Stefnumótun OR byggir á eigendastefnu sem upphaflega var samþykkt í sveitarstjórnnum eigenda árið 2012. Framtíðarsýn OR er að auka lífsgæði með sjálfbærni að leiðarljósi.

Heildarstefna OR byggir á tilteknum grunnstoðum sem eru leiðarljós um mótun á stefnu og áherslum í allri samstæðunni: .

Grunnstoðirnar og lykiláherslur í starfseminni eru:

- **Sjálfbær þróun:** Nýta náttúrugæði á sjálfbæran og ábyrgan hátt, vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og vinna að stöðugum umbótum.
- **Stafræn þróun:** Bera virðingu fyrir þörfum viðskiptavina og veita góða og örugga þjónustu.
- **Hagkvæmni:** Búa yfir fjárhagslegum styrk og hagkvæmni sem tryggir þjónustu í takt við þarfir samfélagsins.
- **Menningin okkar:** Vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem fagþekking og þjónustuvilji fer saman

Áherslurnar endurspeglast í stefnuhúsi OR, sem hver og einn starfsmaður samstæðunnar getur nýtt sér til að forgangsraða verkefnum út frá virði og sameiginlegum áherslum.



Heildarstefna OR er stefna samstæðunnar. Svið og dótturfélög í samstæðu OR hafa jafnframt mótað sér framtíðarsýn og stefnu um hvernig þau uppfylla hlutverk sitt innan samstæðunnar þannig að þau geti sameiginlega náð árangri.


Stjórn OR ákvað í apríl 2023 að ráðast í endurskoðun heildarstefnu OR. Sú vinna stendur yfir og felur meðal í sér hagaðilagreiningar og samtöl við þá. Stefnt er að samþykkt endurskoðaðrar stefnu fyrir árslok. Í júní 2023 samþykkti stjórn sjálfbærnistefnu OR. Felldar voru saman og skerpt á umhverfis- og auðlindastefnu og stefnu um samfélagsábyrgð. Í stefnunni er skilgreindur 21 þýðingarmikill sjálfbærniþáttur í starfseminni þar sem markmið eru sett og ábyrgð á að þeim sé náð er skilgreind.

Inngangur

Fjárhagsspá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2024 og langtímaspá fyrir árin 2025-2028 er samandregin fyrir móðurfélagið og dótturfélögin Veitur, Orku náttúrunnar, Ljósleiðarinn og Carbfix. Spá hvers dótturfélags hlýtur samþykki stjórnar viðkomandi félags áður en samstæðuspáin er samþykkt í stjórn OR.

Við gerð fjárhagsspár fyrir samstæðu OR er beitt stefnumiðaðri spágerð (e. Beyond Budgeting). Í aðferðinni felst að skráð stefna fyrirtækjanna er lögð til grundvallar og þau mælanlegu markmið sem af stefnunni leiða. Meginmarkmið samstæðu OR er að gegna þeim grunnhlutverkum sem lýst er í eigendastefnu OR með sjálfbærum hætti. Fyrirtækin hafa komið sér upp margvíslegum mælikvörðum í þessu skyni og er staða margra þeirra birt árlega í Ársskýrslu OR.


Þjónustuöryggi veitanna



Þjónustuöryggi er reiknað þannig að samanlagðri tímalengd ófyrirséðra truflana sem viðskiptavinir verða fyrir er deilt niður á alla viðskiptavini hversrar veitu. Einstakar

umfangsmiklar bilanir valda helst sveiflum milli ára. 50 mínútur án þjónustu svara til 99,99% afhendingaröryggis. Þjónusturof vegna viðhalds er hér ekki meðtalið.

Þróun gjaldskrár sérleyfisþjónustu 2014-2023



Frá því að Orkuveitu Reykjavíkur var skipt upp að lagaboði í ársbyrjun 2014 hafa gjaldskrár sérleyfisþjónustu ýmist lækkað talsvert eða nánast staðið í stað að raungildi. Línuritíð sýnir þróun gjaldskráa sérleyfisþjónustu Veitna frá ársbyrjun 2014 miðað við vísitölu neysluverðs, sem sýnd er sem lárétt lína.

Sjálfbær lífsgæði

Fyrirtækin sem mynda samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur eru fjárhagslega vel í stakk búin að sinna grunnhlutverkum sínum og nýjum áskorunum næstu ár. Fyrir utan fjárhagslegan styrk, hefur áralöng skipuleg markmiðssetning og vöktun annarra þýðingarmikilla sjálfbærniþátta rekstursins búið honum styrkar stoðir umhverfisvitundar, samfélagsábyrgðar og traustra stjórnarháttanna.

Öll fyrirtæki samstæðunnar standa frammi fyrir miklum fjárfestingum. Vaxandi eftirspurn er eftir vörum þeirra og þjónustu í takti við aðra uppbyggingu á þjónustusvæðinu og mörg fjárfestingaverkefni eru tengd orkuskiptum og aðgerðum í loftslagsmálum. Fjárhagsspáin endurspeglar það sem gleggst má sjá fyrir í þeim eignum, sem þó kann að vera óvissa um hvenær og með hvaða hætti koma til framkvæmda. Má þar nefna metnaðarfull áform stjórnvalda um aukna íbúðabyggingu og lagningu Borgarlínu, sem mun hafa áhrif á legu veitukerfa. Utan þessarar áætlunar eru fjárfestingar tengdar yfirlýstum áformum stjórnvalda um auknar kröfur til fráveitna, fjárfesting í innviðum fyrir gervilághitavatn sem og

hugsanleg aukin orkuvinnsla ON, m.a. úr vindi, sem nú eru til skoðunar af hálfu móðurfélagsins.

Þá er rétt að nefna óvissu með þróun þjóðhagsstærða. Verðbólga hefur sett mark á rekstur OR-samstæðunnar síðustu misseri og kjarasamningar í slíki tíð hafa reynst kostnaðarsamir. Hér er stuðst við opinberar spár sem gera ráð fyrir að verðbólga hjaðni ört á næstu árum en laun hækki nokkuð umfram verðbólgu. Slík áform hafa ekki alltaf gengið eftir.

Sú breyting er að verða á samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur að á árinu 2024 er gert ráð fyrir meðeigendum að tveimur fyrirtækjum í samstæðunni, Ljósleiðaranum og Carbfix. Endurfjármögnun Ljósleiðarans með aukningu hlutfjár og sölu þess er ætlað að styrkja efnahagsreikning félagsins og efla það sem lykilaðila að heilbrigðri samkeppni á fjarskiptamarkaði, almenningi og fyrirtækjum í landinu til hagsbóta. Sala hlutfjár í Carbfix er til að hraða uppbyggingu félagsins og standa undir fjárfestingum. Þar á meðal er Coda Terminal kolefnisförgunarstöðin við Straumsvík en einnig önnur verkefni byggð á tækni Carbfix á heimsvísu. Þar er rétt að dreifa áhættu en tryggja að Carbfix aðferðin komist í notkun í öðrum iðnaði en við jarðgufuvirkjanir ON. Nýir meðeigendur að fyrirtækjunum munu svo eðlilega setja sitt mark á stefnumótun og starfsemi þeirra.

Síðustu ár hefur fjármögnun fjárfestinga fyrirtækjanna í samstæðu OR að mestu verið með fé frá rekstrinum og svo á innlendum markaði, einkum með sölu grænna skuldabréfa af hálfu OR og Ljósleiðarans. OR nýtur trausts og þar með viðunandi kjara miðað við íslenskan lánsfjármarkað, en alþjóðlegt láns hæfismat Orkuveitu Reykjavíkur er með þeim hætti að eðlilegt er að leita nú í auknu mæli til alþjóðlegra stofnanabanka. Þar getur boðist græn fjármögnun á talsvert betri kjörum en innanlands og vitaskuld þarf að þá að huga að aukinni gengisáhættu með sama skipulega hætti og öðrum áhættum í starfsemi.

Hlutverk Orkuveitu Reykjavíkur er að leggja grunn að lífsgæðum. Væntingar fólks um vaxandi lífsgæði eru eðlilegar og það er áskorun að mæta þeim án þess að ganga á rétt komandi kynslóða. Með sjálfbærni að leiðarljósi við rekstur Veitna, Orku náttúrunnar, Ljósleiðarans og Carbfix er það sameiginlegt markmið Orkuveitusamstæðunnar allrar að þetta megi takast.

Markmiðin

Snemma árs 2019 setti OR samstæðan sér fimm sameiginleg markmið til ársloka 2023 sem allt starfsfólk vinnur að með einhverjum hætti. Markmiðin eiga sér skírskotun til heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur um auka lífsgæði með sjálfbærni að leiðarljósi. Þau eru metnaðarfull og framgangur þeirra mælanlegur. Staða mælikvarðanna, sem sýnd er að neðan, er ýmist nokkurra vikna eða mánaða gömul




en kolefnissporið miðast við árslok 2022. Ný markmið munu taka mið af þeirri heildarstefnu OR sem nú er í mótun og sjálfbærnistefnu OR.

 FJÖLGUN RAFBIÐLA	 LÉTTARA KOLEFNIS- SPOR	 HEIL HEIM	 ÁNÆGT STARFS- FÓLK	 GÓÐUR SAMFÉLAGS- PEGN
Heildarfjöldi tengjanlegra rafbíla	Stærð kolefnisspors miðað við árið 2016	Fjarvera starfsfólks vegna veikinda eða slysa	Starfsánægja samkvæmt greiningu	Afstaða almennings til vörumerkja OR
Markmið: 40.000	Viðmið: -30% Markmið: -40%	Markmið: < 3,6%	Viðmið: 4,2 Markmið: 4,5	Viðmið: 5,7 Markmið: 6,3
Staða: 46.061	Staða: +16%	Staða: 3,5%	Staða: 4,3	Staða: 6,1

Viðmið um starfsánægju er sótt í gagnagrunninn Ísland í vinnunni og í vörumerkjumælingum meðaltal mælinga á afstöðu til vörumerkja íslenskra fyrirtækja á starfssviði samstæðu OR. Á árinu 2023 endurskoðaði Orkuveita Reykjavíkur loftslagsmarkmið samstæðunnar og fékk þau staðfest af Science Based Targets initiative. Þau fela í sér að kolefnisjafnvægi vegna eigin starfsemi (umfang 1) verði náð árið 2030 og einnig vegna aðfanga (umfang 3) árið 2040.





[Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna](#)

Orkuveita Reykjavíkur er aðili að Global Compact og starfar að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með sérstakri áherslu á sex þeirra.

 5 JAFNRÉTTI KYNJANNA	 6 HREINT VATN OG HREINLÆTISADSTADA	 7 SJÁLFBÆR ORKA
Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflað	Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess svo og hreinlætisaðstöðu	Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði
 12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA	 13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM	 15 LÍF Á LANDI
Sjálfbær neyslu- og framleiðslu- mynstur verði tryggð	Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra	Vernda og endurheimta vistkerfi á landi og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, vinna að sjálfbærri stjórn skóga, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu, endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni

Fjárhagsspá Orkuveitu Reykjavíkur 2024 og fjögurra ára spá 2025–2028 fer til umfjöllunar hjá Reykjavíkurborg, sem hluti af fjárhagsáætlun samstæðu Reykjavíkurborgar.

Áherslur 2024-2028

	 VEITUR	 ON	 LJÓSLEIÐARINN	 Carbfix
Hlutverk	Hlutverk Veitna er að þróa og byggja upp veitukerfi sem eru grundvöllur lífsgæða.	Orka náttúrunnar á og rekur virkjanir sem framleiða rafmagn fyrir fyrirtæki, heimili og farartæki um landið allt og heitt vatn fyrir veitusvæði Veitna.	Tilgangur Ljósleiðarans er uppbygging og rekstur fjarskipta- og gagnaflutningskerfis og skyld starfsemi.	Carbfix spornar gegn loftslagsvánni með frekari þróun og uppbyggingu kolefnisbindingar í bergi.
Megináherslur 2024-2028	Mikil uppbygging húsnæðis, Borgarlína og önnur orkuskipti eru allt samfélagsleg verkefni sem Veitur munu eiga drjúga aðkomu að á næstu árum. Um leið munu Veitur efla spágerð um uppbyggingu veitukerfa, auðlindanýtingu og notkun viðskiptavina. Áhersla verður á aukið samtal við almenning og nýsköpun til að mæta nýjum tímum og leiða þróun.	Ábyrg nýting jarðhitans og fjölbreyttari not af honum, m.a. til orkuskipta, eru megináherslur ON á spátímabilinu. Íslenskur raforku-markaður þróast ört. Tækifæri til nýrra, arðbærra viðskipta opnast og þarfir viðskiptavina sem fyrir eru breytast. Samkeppni vex og ON mun byggja á hugviti og umhverfis-áherslum fyrirtækisins til að halda forystu í sjálfbærri starfsemi.	Áhersla er lögð á að fjölga heimilum og fyrirtækjum sem geta tengst Ljósleiðaranum og að fjölga viðskiptavinum. Í gildi er heimild til aukningar hlutafjár Ljósleiðarans og er stefnt að sölu þess á árinu 2024.	Frekari þróun og prófun Carbfix-aðferðarinnar verður haldið áfram en nú bætast við umfangsmikil fjárfestingarverkefni til skölnunar á tækninni, rekstri innviða til niðurdælingar og bindingar CO2 og sölu ráðgjafar á alþjóðlegum mörkuðum. Unnið er að fjármögnun með útgáfu nýs hlutafjár og sölu þess.
Helstu fjárfestingar	Á spátímabilinu lýkur átaksverkefni innleiðingar snjallmæla sem gefa tækifæri til úrbóta í spágerð fyrir uppbyggingu, rekstur og ábyrga auðlindanýtingu. Mikil uppbygging íbúðarhúsnæðis kallar á stækkun veitukerfa og verkefni tengd Samgöngusáttmála Höfuðborgarsvæðisins kalla á miklar fjárfestingar vegna aðlögunar veitukerfanna. Jafnframt verður unnið að hefðbundnara viðhaldi vaxandi kerfa, m.a. endurnýjun stofnæða. Til að tryggja nægt heitt vatn á veitusvæðum Veitna til langrar framtíðar er fjárfesting í rannsóknnum aukin á tímabilinu.	Orkuvinnsla verður aukin með stækkun varmastöðvar á Hellisheiði og sjálfbær vinnslugeta treyst með nýrri gufulögn frá Hverahlíð. Gufuöflun verður aukin við báðar jarðgufuvirkjanir ON og hreinsun jarðhitagass frá þeim aukin. Stefnt er á að Hellisheiðarvirkjun nái 95% kol-efnishlutleysi fyrir árslok 2025 auk hreinsunar á brennisteinsvetni. Uppbygging sambærilegrar loft-hreinsistöðvar hefst á Nesjavöllum og verður lokið fyrir 2030. Þar er áfram unnið að endurnýjun stjórnkerfis. Í Jarðhitagarði ON er hringrásarhagkerfið áfram eftt með fjölnýtingu og ON hyggst halda forystu í þjónustu við rafbílaeigendur m.a. með fjárfestingum í hleðslubúnaði og frekari nýtingu stafrænna lausna í þróun þjónustu..	Á spátímabilinu er stefnt að því að kerfi Ljósleiðarans nái til 136.000 heimila á landinu öllu. Áherslur í fjárfestingum næstu ára eru tengdar uppbyggingu á nýjum landshring fjarskipta til hagsbóta fyrir heimili og fyrirtæki í landinu. Uppfærsla aðgangskerfa í 10 GÍG flutningshraða til heimila er hafin og verður haldið áfram.	Á spátímabilinu er Coda Terminal, miðstöð fyrir móttöku og bindingu CO2, stærsta verkefnið. Aukið verður í fönung og bindingu við jarðgufuvirkjanir ON og hugsanlega fleiri fyrirtæki innanlands. Tilraunir með nýtingu sjávar til kolefnisbindingar í bergi halda áfram.

Forsendur fjárhagsspár OR 2023-2028

Forsendur útkomuspár 2023 og fjárhagsspár 2024-2028 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út í júní 2023 sem og spám frá Seðlabanka Íslands, og Orkuveitu Reykjavíkur. Forsendur um þróun álverðs byggja á upplýsingum frá London Metal Exchange. Við vaxtaspár var miðað við fóligna framvirka vexti (e. Implied forward rates) eftir myntum og vaxtakjör einstakra samninga.

Forsendur

Lýsing	2023	2024	2025	2026	2027	2028
Vísitala neysluverðs, breyting (%)	8,7	4,9	3,0	2,6	2,5	2,5
Byggingavísitala (%)	8,8	5,9	4,0	3,1	3,0	3,0
Launavísitala, breyting (%)	8,9	5,8	4,1	4,0	4,1	4,1
Gengisvísitala, breyting (%)	3,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Álverð, meðálverð ársins (\$)	2.157,0	2.249,0	2.393,0	2.511,0	2.614,0	2.724,0

Forgangsröðun og mat á fjárfestingum


Í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur er hlutverk og kjarnastarfsemi fyrirtækisins skilgreind og liggur hún til grundvallar forgangsröðunar fjárfestinga. Þau verkefni sem tilgreind eru í fjárfestingarspá hafa hlotið ítarlega umfjöllun innan fyrirtækisins. Fjárfestingarákvarðanir hvers félags fara í gegnum nokkur stig í undirbúningi með reglulegri viðkomu í ákvörðunarhlíðum (e. Stage-Gate) þar sem hvert og eitt fjárfestingarverkefni þarf í senn að standast samræmdar kröfur til slíkra verkefna og samanburð við önnur verkefni, meðal annars hvað varðar hagkvæmni og ávinning. Þegar verkefni hefur staðist slíkt mat fer það í samþykktarferli hvers fyrirtækis innan samstæðunnar og jafnvel til móðurfyrirtækis eða eigenda, sé umfang þess slíkt. Stærri fjárfestingarákvarðanir eru í höndum stjórnar hvers dótturfélags nema þær fari yfir 5% eigin fjár félagsins samkvæmt nýjasta árshlutauppgjöri. Í því tilviki skal ákvörðunin hljóta staðfestingu hlutahafafundar.

Fjárfestingar í veitukerfum eru umfangsmesti fjárfestingaflokkur innan samstæðu OR. Við val slíkra verkefna er enn fremur stuðst við hlutlæga greiningu m.a. á eftirfarandi þáttum:

- Aukinni notkun eða fjölgun viðskiptavina
- Bilanasögu lagna og búnaðar
- Aldri lagna eða búnaðar
- Efni í lögnum og búnaði
- Ástandsgreiningu lagna
- Öryggi starfsfólks og viðskiptavina
- Afhendingaröryggi til viðskiptavina
- Áhættu

Fjárhagsspá 2024-2028

Rekstur




Mynd 1 – Milljarðar króna

Tekjur vaxa á spátímabilinu 2024-2028 um 31,8 milljarða kr. eða 49,5%. Helsta skýringin eru forsendur um mikinn tekjuvöxt Carbfíx og tengdra verkefna. Gert er ráð fyrir auknum tekjum í tengslum við uppbyggingu Jarðhitagarðs ON við Hellisheiðarvirkjun og endurnýjun orkusölusamninga ásamt aukinni sölu á upprunaábyrgðum

Tekjur af þjónustu Veitna vaxa um 8,6 milljarða kr. á tímabilinu.

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður samstæðunnar án afskrifta aukist á tímabilinu um 8,2 milljarða kr. eða 29,1%. Sú aukning er m.a. vegna aukinna umsvifa hjá Carbfíx og Ljósleiðaranum auk uppbyggingar á Jarðhitagarði ON.

EBITDA framlegð




Mynd 2 – EBITDA / Rekstrartekjur

EBITDA stendur fyrir framlegð reksturs án fjármagnsliða, afskrifta og skatta. Framlegð reksturs OR samstæðunnar hefur verið stöðug og góð síðustu ár. Framlegðin þarf meðal annars að standa undir fjárfestingum fyrirtækjanna í samstæðu OR. Reksturinn krefst verulegra fjárfestinga til að halda við veitukerfum og virkjunum, sinna nýjum viðskiptavinum og mæta auknum kröfum sem til rekstursins eru gerðar.

Samkvæmt spá eykst EBITDA verulega að krónutölu þó EBITDA framlegð lækki. Skýrist það af meiri tekjuvexti Carbfíx og Ljósleiðarans sem eru rekin með lægri EBITDA framlegð en önnur félög í OR-samstæðunni.


Vaxtagjöld



Mynd 3 – Milljarðar króna

Verðbólga og gengisáhrif skýra að mestu breytingar á vaxtagjöldum milli ára. Hækkun markaðsvaxta hefur einnig áhrif á vaxtagreiðslur þó ekki veruleg, vegna samsetningar fjármögnunar OR-samstæðunnar.

Afkoma / Hagnaður eftir skatta




Mynd 4 – Milljarðar króna

Eins og sjá má á *Mynd 4* er gert ráð fyrir að afkoma OR-samstæðunnar aukist á tímabilinu og er gert ráð fyrir að hún verði jákvæð um 23,0 milljarð kr. árið 2028.

Hafa ber í huga að óreglulegir fjármagnsliðir eins og breytingar á virði framvirkra raforkusölusamninga geta haft veruleg áhrif á afkomu félagsins, árið 2023 er gert ráð fyrir að 832 m.kr. áhrifum til lækkunar á afkomu.

Búið er að taka tillit til leiðréttingar á ársuppgjöri 2022 þar sem við útreikning á tímabilsleiðréttingu í dreifingu og flutningi rafmagns kom í ofmetnar tekjur vegna árána 2020-2022.

Eignir og eiginfjárlutfall




Mynd 5 – Eignir í milljörðum króna

Áætlað er að eignir hækki á næstu árum vegna aukinna fjárfestinga þvert á samstæðuna, sérstaklega tengt veitukerfum, jarðvarmavirkjunum og uppbyggingar hjá Carbfix.

Eiginfjárlutfall styrkist á tímabilinu, þ.e. frá því að vera 54,8% í 56,1% í lok tímabilsins, en jafnframt er gert ráð fyrir jöfnum en vaxandi arðgreiðslum á spátímabilinu.

Handbært fé 2024-2028 með bundnum innstæðum og markaðsverðbréfum




Mynd 6 – Milljarðar króna

Handbært fé frá rekstri er einkum nýtt til fjárfestinga og afborgana af lánum. Hluti skulda verður endurfjármagnaður á tímabilinu með nýrri lántöku. Þrátt fyrir áætlun um 230 ma.kr. fjárfestingu á tímabilinu er einungis gert ráð fyrir 27,7 ma.kr. lántöku umfram afborganir lána. Sala á nýju hlutafé í Carbfix og Ljósleiðaranum er enn fremur mikilvægur liður í að fjármagna fjárfestingar á tímabilinu.

Að teknu tilliti til tekjuskattgreiðslna og arðgreiðslna er gert ráð fyrir að handbært fé og bundnar innstæður í árslok 2028 verði 21,3 milljarðar kr.

Heildar arðgreiðslur á tímabilinu eru áætlaðar 36,3 milljarðar kr., þar af eru greiðslur til minnihlutaeigenda dótturfélaga upp á 1,3 milljarða kr.

Heildar fjárfestingar




Mynd 7 – Milljarðar króna

Fjárfestingar á tímabilinu 2024-2028 eru í samræmi við fyrri fjárhagspá og gerir fjárhagsspáin ráð fyrir 229 milljarða kr. fjárfestingu á tímabilinu. Fjallað er um helstu fjárfestingar hvers félags hér að framan og sýnir mynd hér að ofan hvernig áætlaðar fjárfestingar Carbfix hafa áhrif til hækkunar á heildarfjárfestingar OR samstæðunnar. Hluti fjárfestinga Carbfix er fjármagnaður með styrkverkefnum og er sá hluti utan við fjárfestingaspá OR-samstæðunnar. Heildarfjárfesting árin 2024 – 2028 má sjá hér í töflunni fyrir neðan.

HELSTU FJÁRFESTINGAR 2024-2028	ma.kr.
Veitukerfi	88,8
Orkuver	35,5
Carbfix	68,0
Aðrar fjárfestingar	36,7
Fjárfestingar alls	229,0

Tafla 1


Fjármögnun



Mynd 8 – Milljarðar króna

Á tímabilinu 2024-2028 er gert ráð fyrir að ný lántaka nemi um 119,3 milljörðum kr. til viðbótar við 61,2 milljarða kr. í nýju hlutafé í Carbfix og Ljósleiðaranum á tímabilinu. Nýtt hlutafé í Ljósleiðaranum er áætlað að komi til á árinu 2024 en nýtt hlutafé í Carbfix er dreift niður á tímabilið til móts við fjárfestingar og fjárförf. Á sama tíma er gert ráð fyrir að greiða niður lán um 91,7 milljarða kr.

Afborganir langtímaskulda og handbært fé frá rekstri




Mynd 9 – Milljarðar króna

Árlegar afborganir skulda eru áætlaðar á bilinu 15 – 23 milljarða kr. á árunum 2024-2028, samtals 91,7 milljarða kr.

Handbært fé frá rekstri stendur vel undir þeim afborgunum en á móti eru fjárfestingar á tímabilinu miklar sem kallar á viðbótarlántöku og sölu hlutfjár á tímabilinu.

Nettó vaxtaberandi skuldir og fjármögnunargreyfingar




Mynd 10 – Milljarðar króna

Nettó vaxtaberandi skuldir endurspeglar stöðu vaxtaberandi skulda á móti handbæru fé, markaðsverðbréfum og bundnum innlánum.

Nettó vaxtaberandi skuldir hækka um 9,7 milljarða kr. á árinu 2023, þar af eru verðbætur áætlaðar 6,7 milljarða kr. Gert er ráð fyrir hækkun nettó vaxtaberandi skulda á tímabilinu um 42,8 milljarða kr., þar af 19,4 milljarða kr. vísitöluhækkun verðtryggðra lána á sama tímabili.

Eigið fé



Mynd 11 – Milljarðar króna

Eigið fé OR samstæðunnar eykst um tæplega 47,7 milljarða kr. á tímabilinu 2024-2028 og skýrist að mestu af fyrirhugaðri hlutafjárukningu Carbfix og Ljósleiðarans. Til viðbótar hækkuninni hækkun myndast hlutdeild minnihluta í eiginfé OR - samstæðunnar að fjárhæð 33,3 milljarða kr. árið 2028.

Á tímabilinu er gert ráð fyrir að eigið fé OR-samstæðunnar aukist um 69 milljarða kr. eða um 25,4%. Þar af nemur hækkun hlutdeild minnihluta í eigin fé 21,4 milljarða kr. á tímabilinu.

Lykiltölur

Markvisst er unnið að því að styrkja fjárhag fyrirtækisins. Það felur í sér að ná og viðhalda settum markmiðum um stöðu lykiltalna í rekstri s.s. veltufjárhlutfall, eiginfjárhlutfall, vaxtaþekju o.fl.

Á árinu 2022 var grunni útreiknings á vaxtaþekju breytt til samræmis við skilgreiningu mælikvarðans í samþykktari arðgreiðslustefnu OR, þannig að nú reiknast vaxtaþekja einungis af greiddum vöxtum. Áður voru reiknuð vísitölúhrif lána innifalin í útreikningi vaxtaþekju.


Spáin byggir á ákveðnum lykilmælikvörðum til samræmis við áherslur í eigendastefnu OR og beitt er stefnumiðaðri spágerð (e. Beyond Budgeting).

Í samræmi við eigendastefnu OR eru í gildi arðgreiðsluskilyrði fyrir fyrirtækið. Þau fela í sér að fjárhagsleg markmið arðgreiðsluskilyrða, sem sjá má hér til hliðar, skulu uppfyllt áður en ákveðið er að greiða arð til eigenda og eftir að arður hefur verið greiddur.

Arðgreiðslur eru áætlaðar 36,3 milljarðar kr. á tímabilinu og gera spár samstæðunnar ráð fyrir því að öll arðgreiðsluskilyrði séu uppfyllt á sama tíma.


Ávöxtun eigin fjár hækkar mikið undir lok spátímabilsins en á þeim tíma er gert ráð fyrir að hagnaður af rekstri Carbfix sé að aukast mikið á milli ára.

Eiginfjárhlutfall




Markmið > 40%

Veltufjárhlutfall án álaflleiðu




Markmið > 1,0

(Handbært fé frá rekstri - arðgreiðslur) / Nettó skuldir




Markmið > 13%

Vaxtaþekja




Markmið > 3,5

ROCE



Nettó skuldir / handbært fé frá rekstri



Horfur og spá 2023-2028 – Rekstrarreikningur

	Raun 2022 (mkr)	Horfur 2023 (mkr)	Spá 2024 (mkr)	Spá 2025 (mkr)	Spá 2026 (mkr)	Spá 2027 (mkr)	Spá 2028 (mkr)
Rekstrartekjur	56.683	60.397	64.136	69.454	75.544	84.697	95.871
Rekstrargjöld	21.096	25.730	28.134	30.234	32.353	33.701	36.316
EBITDA	35.586	34.666	36.002	39.220	43.191	50.997	59.555
Afskriftir	14.439	15.314	16.222	17.527	18.444	19.492	19.786
EBIT	21.147	19.352	19.780	21.693	24.747	31.504	39.769
Fjármagnsliðir	-11.283	-12.857	-10.285	-9.661	-10.754	-11.784	-11.883
Vaxtatekjur	314	522	741	948	534	206	108
Vaxtagjöld	-12.966	-15.132	-13.264	-11.766	-11.969	-12.505	-12.547
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum	1.368	1.752	2.238	1.157	681	515	556
Hagnaður fyrir tekjuskatt	9.864	6.495	9.495	12.032	13.993	19.720	27.886
Tekjuskattur	-1.550	-354	-899	-1.235	-1.500	-2.534	-4.228
Hagnaður (tap) ársins	8.311	6.085	8.597	10.797	12.493	17.186	23.028
Hlutdeild minnihluta	0	0	9	256	363	370	584

Horfur og spá 2023-2028 – Efnahagsreikningur

	Raun 2022 (mkr)	Horfur 2023 (mkr)	Spá 2024 (mkr)	Spá 2025 (mkr)	Spá 2026 (mkr)	Spá 2027 (mkr)	Spá 2028 (mkr)
Eignir	450.388	459.544	495.385	522.598	553.267	585.289	607.190
Fastafjármunir	417.472	426.654	453.262	479.316	502.011	518.651	529.445
Veltufjármunir	32.916	32.889	42.123	43.283	51.256	66.637	77.745
Eigið fé og skuldir	450.388	459.544	495.385	522.598	553.267	585.289	607.190
Eigið fé	246.048	243.493	271.532	287.260	303.741	321.900	340.533
Skuldir	204.340	216.050	223.853	235.338	249.526	263.389	266.657
Langtímaskuldir	174.828	183.690	193.857	203.478	219.387	230.270	237.622
Skammtímaskuldir	29.512	32.361	29.996	31.860	30.139	33.119	29.035

Horfur og spá 2023-2028 – Sjóðstreymi

	Raun 2022 (mkr)	Horfur 2023 (mkr)	Spá 2024 (mkr)	Spá 2025 (mkr)	Spá 2026 (mkr)	Spá 2027 (mkr)	Spá 2028 (mkr)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	34.052	35.645	36.279	38.912	42.939	50.410	58.818
Innborgaðar vaxtatekjur	313	522	741	948	534	206	108
Greidd vaxtagjöld	-5.061	-6.892	-7.971	-7.934	-8.088	-8.278	-8.280
Greiddur tekjuskattur	-1.775	-1.429	-1.967	-2.431	-3.044	-3.706	-4.501
Greiðslur annarra fjármagnsliða	-3.847	1.510	425	-61	-237	-293	-304
Handbært fé frá rekstri	23.682	29.301	28.138	30.064	32.735	38.969	45.842
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting rekstrarfjármuna	-21.017	-33.363	-49.864	-44.183	-48.557	-44.900	-41.519
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	3.052	1.453	5.553	-121	-121	-121	-121
Fjárfestingarhreyfingar alls	-17.966	-31.910	-44.311	-44.304	-48.678	-45.021	-41.640
Fjármögnunarhreyfingar							
Ný langtímalán	11.138	29.217	25.600	24.500	28.584	24.676	15.960
Afborganir langtímaskulda	-16.477	-24.683	-22.970	-16.455	-18.223	-15.558	-18.449
Greiddur arður	-4.000	-5.500	-6.000	-6.500	-6.500	-8.433	-8.833
Innborgað hlutafé	0	2.243	25.442	11.431	10.488	9.406	4.439
Fjármögnunarhreyfingar alls	-9.435	1.450	22.072	13.312	14.348	10.090	-6.883
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	-3.718	-1.159	5.899	-928	-1.596	4.038	-2.681
Handbært fé í ársbyrjun	10.320	6.647	5.470	11.369	10.441	8.845	12.883
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	49	-17	0	0	0	0	0
Handbært fé í lok tímabils	6.651	5.470	11.369	10.441	8.845	12.883	10.201

Skýrsla nr. 2023-023

2. febrúar 2024



Framfylgd eigendastefnu 2023

Skýrsla til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur

Guðrún Erla Jónsdóttir

Stjórnhættir og stefna

Útgefandi: Orkuveita Reykjavíkur
Forsíðumynd: Haukur Snorrason
Umsjón og ábyrgð: Guðrún Erla Jónsdóttir

Skráningarblað skýrslna

Skýrsla nr. 2023-023	Útgáfudagur 2.2.2024	Útgáfustaður Reykjavík
Heiti skýrslu Framfylgd eigendastefnu 2023: Skýrsla til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur		
Upplag pdf	Fjöldi síðna 10	Dreifing opinber
Höfundur/ar Guðrún Erla Jónsdóttir		Verknúmer
Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur		Samvinnuaðilar
Útdráttur <p>Eigendastefna OR hefur sannað ágæti sitt á síðastliðnum árum. Með eigendastefnunni hafa eigendur sammælt um leiðarljós í starfsemi fyrirtækisins og markað ramma fyrir ákvarðanatöku stjórnar. Eigendastefna, þar sem vilji eigenda er skýr, hefur áhrif á stjórnarhætti og ábyrgð samhliða því að auðvelda ákvarðanatöku stjórnar. Þannig spilar eigendastefnan mikilvægt hlutverk í árangri fyrirtækisins. Eigendastefnan er nú orðin meira en áratugargömul og á þeim tíma hafa orðið miklar breytingar í umhverfi, samfélagi og tækni sem allar hafa áhrif á starfsemi OR. Til að eigendastefnan þjóni sem best hlutverki sínu í leiðbeiningu fyrir stjórn og starfsemina kallar stjórn OR eftir afstöðu eigenda til tiltekinna atriða eigendastefnunnar þannig að hún geti sem best stutt við framþróun OR.</p>		
Efnisorð Eigendastefna, sameignarsamningur, stjórnarhættir, stefnumótun		Yfirfarið

Efnisyfirlit

1 Upphafsorð.....	1
2 Leiðarljós eigendastefnu	1
3 Hlutverk, kjarnastarfsemi og starfssvæði.....	3
4 Stjórnarhættir.....	3
4.1 Kortlagning á skipulagi og stjórnarháttum OR.....	4
5 Stefnumótun.....	5
5.1 Stuðningsstefnur.....	6
6 Samskipti og upplýsingagjöf	7
7 Ákvarðanir sem hljóta skulu samþykki eigenda.....	8
7.1 Carbfix.....	9
7.2 Ljósleiðarinn.....	9
7.3 Orkuöflun	9
8 Lokaorð	10

Myndir

Mynd 1 Elliðaárstöð er lifandi áfangastaður í hjarta borgarinnar.....	2
Mynd 2 Greiningarvinna sem unnin var fyrir heildarstefnumótun OR.	6

1 Upphafsorð

Skýrsla um framfylgd eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (OR) var í fyrsta skipti gefin út vegna starfsemi ársins 2015. Síðan þá hefur hún verið gefin út árlega og skilað til eigenda á eigendafundi félagsins í nóvember ár hvert. Til samræmis við eigendastefnuna er skýrslan aðgengileg almenningi og fjölmiðlum, meðal annars á heimasíðu OR ásamt eldri skýrslum um framfylgd hennar.

Eigendastefna OR hefur síðustu árin sannað ágæti sitt. Áherslur eigenda OR koma fram í stefnunni sem er til stuðnings ákvarðanatöku stjórnar enda fær stjórn skýrari skilaboð með eigendastefnu og hvaða línur eigendur leggja. Eigendastefna hefur áhrif á stjórnarhætti, ábyrgð og árangur, ekki síst er varðar sjálfbærni og samfélagsábyrgð. Eigendastefna, þar sem vilji eigenda er skýr, auðveldar ákvarðanatöku og spilar þannig hlutverk í árangri fyrirtækisins.

Eigendastefnan er nú orðin meira en áratugargömul og hefur stjórn hvatt eigendur síðastliðin tvö ár til að rýna hana með hliðsjón af breytingum sem orðið hafa í umhverfi, samfélagi og tækni sem fleygir fram. Þannig getur eigendastefnan stutt við framþróun OR.

Reykjavíkurborg hefur sett sér eigendastefnu um sín fyrirtæki sem samræmist ekki eigendastefnu í öllum tilvikum og kallar á hugsanlegar breytingar. Þá hefur innri endurskoðun lagt til að ákvæði eigendastefnu er lýtur að meginstarfssvæði verði endurskoðað. Til að eigendastefnan þjóni sem best hlutverki sínu í leiðbeiningu fyrir stjórn og starfsemi fyrirtækisins kallar stjórn OR eftir afstöðu eigenda til tiltekinna atriða eigendastefnunnar. Í því skyni liggur fyrir eigendafundi tillaga um rýni eigendastefnunnar ásamt greinargerð og skýrslu þessari.

2 Leiðarljós eigendastefnu

Leiðarljós eigendastefnu OR vísa veginn í starfsemi fyrirtækisins og öll stefnumótun í samstæðu OR byggist á þeim. Til að mynda er sjálfbærnistefna OR skuldbinding við leiðarljós stefnunnar sem segir að OR „*ræki samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni, beri hag samfélagsins fyrir brjósti og umgangist náttúruna, auðlindir og viðskiptavinum af virðingu*“. Í því skyni eru viðhafðir vandaðir stjórnarhættir og er stefnan grundvöllur farsælla ákvarðana og góðs samstarfs sem byggist á gagnsæi í upplýsingagjöf.

Í samstæðu OR er unninn fjöldi verkefna sem endurspeglar leiðarljós eigendastefnunnar. Í starfsemi OR skal enda leggja *áherslu á virðingu gagnvart umhverfinu og ábyrga nýtingu auðlinda* samhliða því að *rækja samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni*. Í því felst meðal annars að fyrirtækið *beri hag samfélagsins fyrir brjósti og umgangist náttúruna, auðlindir og viðskiptavinum af virðingu*. Dæmi um eitt verkefna á vegum OR er Elliðaárstöð í Elliðaárdal, sem hlaut fegrunarviðurkenningu

Reykjavíkurborgar á seinni hluta ársins. Í tilnefningu dómnefndar segir að verkefnið sé „metnaðarfullt og gott fordæmi þar sem fyrirtæki gefur til samfélagsins“.

Saga Elliðaárdalsins er samofin sögu og hlutverki OR og Elliðaárstöð byggist á rótgrónum grunni orku- og auðlindaöflunar. Elliðaárstöð, sem hefur lýst leiðina til framtíðar í heila öld og skapað þekkingu sem samfélagið býr að, hefur fengið nýtt hlutverk. Í stað þess að virkja rafmagn eru hugvit og nýsköpun virkjuð, samhliða því að boðið er upp á þjónustu, fræðslu, vísindamiðlun og upplifunarviðburði á svæðinu (sjá (loft)mynd 1).



Mynd 1 Elliðaárstöð er lifandi áfangastaður í hjarta borgarinnar.

Í Elliðaárstöð er boðið upp á skipulagða móttöku nemenda til að auka þekkingu þeirra á orku- og veitumálum ásamt þeim lífsgæðum sem veiturnar gefa. Vísindamiðlun er unnin eftir hugmyndafræði STEAM sem stendur fyrir vísindi, tækni, verkfræði, listgreinar og stærðfræði. Aðferðin byggir upp færni til að hugsa til framtíðar og styrkir nýsköpunarhæfni, gagnrýna hugsun og lausnaleit sem byggir upp hæfni til að takast á við úrlausnarefni samtímans. Ný fræðslusýning fyrir skólahópa, *Heimili veitna*, afhjúpar á lifandi hátt leyndardóma veitna á heimilum borgarbúa. Hafa nú um 3000 nemendur komið í heimsókn í Elliðaárstöð. Þá opnaði einnig kaffihúsið *Á Bistró* í dalnum og lokið var við framkvæmdir á vatnsleikjagarði. Þar geta fróðleikspyrst börn og fullorðnir lært um vatnið, skoðað þrýsting, vatnshraða, vatnsafl, fallorku og hegðun vatns í náttúrunni í gegnum leik.

Fjölmargir og vel sóttir viðburðir hafa verið haldnir í Elliðaárstöð þar sem áhersla er á að skapa merkingarbæra upplifun fyrir gesti sem styrkir tengslin við áfangastaðinn, vörumerki OR samstæðunnar og skapa jákvæðar minningar. Þá var hafist handa við að reisa gufuborinn Dofra sem oft er kallaður verðmætasta vinnuvél Íslandssögunnar enda olli hann straumhvörfum í borun eftir heitu vatni og gufu á Íslandi. OR ásamt HS Orku og Landsvirkjun lögðu í sameiningu til fjármagn til að gera borinn upp. Þessi góða samvinna endurspeglar leiðarljós eigendastefnunnar þar sem segir að „*eigendur vilja að lítið sé til fyrirtækisins sem trausts samstarfsaðila, sem eftirsóknarvert sé að starfa fyrir og með og að það gegni veigamiklu hlutverki í samfélaginu*“.

Á árinu 2024 mun gestastofa Elliðaárstöðvar og OR samstæðu líta dagsins ljós. Þar verður þekking, saga, framþróun og nýsköpunarverkefni sem starfsfólk OR samstæðu vinnur sýnileg og aðgengileg borgarbúum. Í húsinu verður einnig aðstaða fyrir móttöku og hægt verður að leigja aðstöðu fyrir fundi, vinnustofur og halda ráðstefnur.

Umfjöllun um önnur samfélagslega mikilvæg verkefni á vegum OR er að finna meðal annars á heimasíðu fyrirtækisins og rafrænum ársskýrslum. Ársskýrslurnar er gerðar í samræmi við UFS viðmið þar sem ítarlega er gerð grein fyrir umhverfismálum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum.

3 Hlutverk, kjarnastarfsemi og starfssvæði

Kjarnastarfsemi OR er lýst í lögum, sameignarsamningi og eigendastefnu. Kjarnastarfsemin eru þau verkefni sem fyrirtækinu er falið að sinna. Í eigendastefnu hafa eigendur enn fremur útfært hlutverk OR sem snýr að megintilgangi starfsemi þess. Hlutverk og kjarnastarfsemi OR voru skilgreind í lögum 136/2013 sem tóku gildi við uppskiptingu OR 2014 þegar einstaka hlutverk fyrirtækisins voru færð yfir í dótturfélögin Veitur, Ljósleiðarann og Orku náttúrunnar. Á þeim tíma voru sameignarsamningur og eigendastefna rýnd og stjórnarhættir skýrðir með tilliti til þessara breytinga.

Carbfix ohf. hóf starfsemi sem aðskilið fyrirtæki í janúar 2020 og 2022 var stofnað dótturfélag Carbfix ohf., Carbfix hf., til fjármögnunar Carbfix-verkefna. Þetta kallaði á að lagastoð yrði tryggð fyrir OR til að eiga hlut í hlutafélaginu utan um Carbfix-tæknina sem starfar á samkeppnismarkaði. Það var og tryggt með lögum um breytingu á 2. másl. 2. gr. laganna, sem samþykkt voru á Alþingi 8. maí 2023 sem orðast svo: „*Einnig hafa Orkuveita Reykjavíkur og dótturfélög með höndum starfsemi sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækjanna, sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarnastarfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. geymslu koldíoxíðs og annarra vatnsleysanlegra gastegunda í jörðu.*“

OR samstæðan stendur aftur frammi fyrir breytingum en nú varðandi tvö dótturfélaganna, Ljósleiðarann og Carbfix hf. sem heimilað hefur verið að selja hlutdeild í. Kalla þessar breytingar á rýni eigendastefnunnar þar sem skýra þarf hvaða áhrif þetta hefur á stjórnarhætti.

Í eigendastefnu er kafli um starfssvæði OR og segir þar: „*Meginstarfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur er Suðvesturland. Tækifæri annars staðar eru skoðuð út frá hlutverki fyrirtækisins, arðsemi og áhættu og skulu staðfest af eigendum áður en stofnað er til skuldbindinga vegna þeirra*“. Innri endurskoðun bendir á að þennan kafla þurfi að rýna og skilgreina meginstarfssvæði enda liggja fyrir að starfssvæði dótturfélaga OR séu mun víðtækari og hafi verið um langt skeið. Þykir ljóst að eigendur þurfi að skýra þennan kafla og þetta meginatriði þannig að ljóst sé við hvað er átt og hvað staðfesting eigenda í þessu tilfelli þýðir. Stjórn OR kallar því eftir afstöðu eigenda hvað þetta varðar.

4 Stjórnarhættir

Stjórn OR leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og efla þá. Stjórnarháttum OR er skipað með lögum nr. 136/2013, sameignarsamningi eigenda, eigendastefnu og starfsreglum stjórnar. Starfsreglurnar taka einnig mið af siðareglum OR, Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland ehf. auk handbókar stjórnarmanna, útgefinni af KPMG. Stjórn OR ákvað á fundi sínum í september þessa árs að taka núverandi starfsreglur til rýni og hugsanlegrar endurskoðunar. Starfsreglur skulu svo

staðfestar á eigendafundi til samræmis við ákvæði sameignarsamnings OR og munu verða lagðar fyrir eigendur á eigendafundi þegar að því kemur.

Stjórn OR setur sér árlega starfsáætlun sem er í samræmi við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti. Starfsáætlun þessa árs var samþykkt á síðasta fundi síðastliðins árs. Starfsáætlun gerir ráð fyrir öllum þeim verkefnum sem stjórn eru falin samkvæmt sameignarsamningi og eigendastefnu. Þannig er leitast við að tryggja framfylgd eigendastefnu og stöðuga árvekni, ábyrgð og yfirsýn stjórnar í rekstri fyrirtækisins.

Í samræmi við meginhlutverk og skyldur stjórnar fer hún með æðsta vald á milli eigendafunda. Stjórn annast um að skipulag OR og starfsemi sé góðu horfi. Þá skal stjórn jafnframt stuðla að viðgangi félagsins og langtímaárangri samhliða því að hafa eftirlit með daglegum rekstri fyrirtækisins. Stjórn OR hefur tryggt skilvirka og skjalfesta ferla um áhættustýringu og áhættustefnu, virkt innra eftirlitskerfi og innri endurskoðun. Innri endurskoðandi heyrir beint undir stjórn og um störf hans er fjallað í erindisbréfi. Þá eru starfandi undirnefndir stjórnar, starfskjaranefnd og endurskoðunarnefnd. Á árinu rýndi starfskjaranefnd starfsreglur sínar og til samræmis við hlutverk nefndarinnar var tillagan lögð fram á aðalfundi í apríl þar sem breytingin var samþykkt einróma.

Stjórnin gerir reglulega mat á eigin störfum og störfum forstjóra og hefur gert síðastliðin ár. Þar sem ný stjórn tók til starfa í upphafi árs og nýr forstjóri í apríl sl. var ákveðið að fresta mati á störfum forstjóra og stjórnar til ársloka. Stjórnin gerir einnig reglulegt mat á því hvernig stefnumótun félagsins er hrint í framkvæmd. Reglulegt mat stjórnar á stefnumótun og innleiðingu byggist á árlegri rýni heildarstefnu félagsins og sérhverri stuðningsstefnu sem eigendastefnan tilgreinir (sjá 5. kafla). Þetta er skjalfest ferli sem kallað er *stefnumiðaðir stjórnarhættir* og grein hefur verið gerð fyrir í skýrslum um framfylgd eigendastefnu síðastliðin ár.

4.1 Kortlagning á skipulagi og stjórnarháttum OR

Almenn eigendastefna Reykjavíkurborgar var kynnt stjórn OR í október 2022. Kynningin var hluti af innleiðingarferli stefnunnar sem kallar á endurskoðun stofnskjala þeirra fyrirtækja sem stefnan gildir um, einkum stofnsamþykktir og stofnsamninga.

Í nóvember 2022 fékk OR bréf frá borgarritara Reykjavíkurborgar þess efnis að hefja ætti kortlagningu á skipulagi og stjórnarháttum OR. Stjórn og forstjóri OR skipuðu tengilið til að vera í samskiptum við borgina og var gögnum, sem óskað var eftir, skilað í sama mánuði. Í bréfinu segir jafnframt að kortlagning eigendastefnu þeirra félaga sem Reykjavíkurborg á hlut í kunni að kalla á endurskoðun þeirra til samræmis við ákvæði almennrar eigendastefnu Reykjavíkurborgar.

Eigendastefna eins eigenda félagsins er ekki hluti af stjórnarháttum OR nema að svo miklu leyti sem hún samræmist eigendastefnu allra eigenda. „*Eigendastefnan er samstarfssáttmáli eigenda*

og verða ekki gerðar á henni breytingar nema í samkomulagi þeirra, samþykktar af sveitarstjórnnum og staðfestar á eigendafundi.“ Eigendur þurfa því að sammælast um það hvernig þeir ætla að haga málum varðandi sameiginlega eign sína og kallar það á rýni eigendastefnunnar.

Reykjavíkurborg hafði boðað það að hluti af innleiðingaferli eigendastefnu sinnar væri að endurskoða stofnskjöl allra fyrirtækja sem undir stefnuna falla og er OR þar á meðal. Markmiðið er að þau endurspegli ákvæði eigendastefnu borgarinnar. Drög að formi fyrir stofnsamþykktir, sem notuð verða við útfærslu nýrra stofnskjala, voru send OR í október til umsagnar. Formið verður síðar aðlagð að hverju og einu fyrirtæki. Stofnsamþykktiformið var lagt fram til kynningar í stjórn OR sem bókaði á fundi sínum þann 23. október 2023:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skorar á eigendur að skipa vinnuhóp til að endurskoða eigendastefnu, sameignarsamning og eftir atvikum lög um Orkuveitu Reykjavíkur, t.d. varðandi félagsform. Stofnsamþykktir skv. fyrirliggjandi drögum verði afgreiddar að þeirri vinnu lokinni.“

5 Stefnumótun

Í sameignarsamningi OR hafa eigendur félagsins falið stjórn veigamikið hlutverk er snýr að framfylgd eigendastefnu félagsins, stefnumótun og eftirfylgni með stefnu, markmiðum og mælikvörðum. Í sameignarsamningi OR segir *„Stjórn skal setja fyrirtækinu heildarstefnu og framtíðarsýn í samræmi við eigendastefnu og skilgreina í henni mælikvarða í rekstri fyrirtækisins. Stefnuörkun fyrir Orkuveitu Reykjavíkur skal endurspeglast í samþykktum og stefnumörkun dótturfélaga.“* Þá hefur forstjóri á hendi framkvæmd stefnu stjórnar, eins og segir í reglugerð um OR og sameignarsamningi.

Um þessar mundir eru tímamót enda hafa töluverðar breytingar orðið á forystu OR þar sem ný stjórn hefur tekið við taumunum auk nýs forstjóra. Í ljósi þeirra tímamóta, sem OR er á og þeirra miklu breytinga og áskorana í innra og ytra umhverfi félagsins, afréð stjórn í samstarfi við forstjóra að ráðast í viðtæka heildarstefnumótun á árinu og sem eigendur voru upplýstir um á aðalfundi félagsins í apríl.

Í júní var heildarstefnumótun fyrir OR hrint af stað. Ráðgjafar voru valdir til verksins, annars vegar AtonJL sem sá um hagaðilagreiningu og hins vegar KPMG sem sá um greiningarvinnu og stefnumótunarferlið ásamt stýrihópi OR sem í sátu forstjóri, stefnustjóri og framkvæmdastýra mannauðs og menningar.

Hagaðilagreining byggðist á viðtölum við viðskiptavini, samstarfsaðila í orkugeiranum auk hagsmunasamtaka varðandi umhverfi og atvinnulíf. Stjórnendur í samstæðu OR gegndu jafnframt mikilvægu hlutverki í greiningum og byggt var á sérfræðipækkingu þeirra á umhverfi, áskorunum og tækifærum fyrirtækjanna. Þá var álit alls starfsfólks leitað enda mikilvægt að allt starfsfólk eigi hlutdeild í stefnumótuninni. Það er enda starfsfólk allrar samstæðunnar sem kemur að innleiðingu

stefnunnar og stuðlar að því að markmið náist. Á mynd 2 má sjá yfirlit yfir þær greiningar sem voru unnar og tilgang þeirra. Framangreind greiningarvinna var unnin til undirbúnings stefnumótunar stjórnar sem vann með greiningarnar til mótunar stefnu fyrir OR.



Mynd 2 Greiningarvinna sem unnin var fyrir heildarstefnumótun OR.

Til viðbótar við framangreindar greiningar var stjórnnum dótturfélaga kynnt vinnan þar sem þær höfðu tækifæri til að koma með ábendingar eða spurningar enda skulu stjórnir dótturfélaga setja þeim heildarstefnu og framtíðarsýn sem samræmist heildarstefnu OR. Ákvæði þessa efnis má finna í sameignarsamningi OR, eigendastefnu og samþykktum hvers félags og er mikilvægur hluti stjórnarháttá samstæðunnar enda uppfyllir samstæðan í sameiningu það hlutverk sem OR er falið lögum samkvæmt.

Sameignarsamningur OR segir: „Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skal tryggja að stefna fyrirtækisins sé kynnt eigendum“ og í framhaldi skal hún kynnt „viðskiptavinum og starfsfólki, meðal annars með birtingu hennar á heimasíðu fyrirtækisins“. Afrakstur stefnumótunar, heildarstefna OR, liggur nú fyrir eigendafundi.

5.1 Stuðningsstefnur

Í eigendastefnu eru taldar upp þær stefnur sem skulu vera til stuðnings heildarstefnu OR og skulu þær endurspeglast í stefnum dótturfélaga. Stefnumiðaðir stjórnarhættir, sem getið var í 4. kafla þessarar skýrslu, tryggja slíkt samræmi. Stefnur sem rýndar eru af stjórn OR koma til rýni í stjórnun

dótturfélaga mánuði seinna og er það ábyrgðaraðili hvernar stefnu sem ber ábyrgð á því að tryggja samræmi og að fylgjast með því að unnið sé að markmiðum stefnunnar alls staðar í samstæðunni. Þetta skjalfesta ferli er mikilvægur hluti innra eftirlits í samstæðunni og gegna ábyrgðaraðilar stefnu hlutverki annarrar varnarlínu áhættustýringar.

Innkaupastefna OR ásamt innkaupareglum voru rýndar í febrúar. OR samstæðan hefur jafnframt sett birgjum siðareglur þar sem gerð er sú krafa til birgja að þeir fylgi grundvallarviðmiðum Global Compact sem snúa að mannréttindum, vinnumarkaði, umhverfinu og aðgerðum gegn spillingu.

Mannauðsstefna, jafnréttisstefna, siðareglur auk starfskjarastefnu og starfsreglna starfskjaranefndar, voru rýndar á marsfundi stjórnar. Breytingar voru gerðar á starfskjarastefnu auk starfsreglna sem lagðar voru fyrir aðalfund í apríl og staðfestar, sbr. ákvæði sameignarsamnings þar um. Stefnur um upplýsingaöryggi og persónuvernd voru sameinaðar á fundi stjórnar í apríl auk þess sem gæðastefna félagsins var rýnd. Í maí var tekin fyrir stefna í öryggis- og heilsumálum og í júní var umhverfis- og auðlindastefna félagsins rýnd samhliða stefnu um samfélagsábyrgð. Voru stefnurnar sameinaðar og heitir í kjölfarið sjálfbærnistefna. Markmið þessarar sameiningar er að ná betri tókum á fleiri sjálfbærniþáttum. Breytir þetta efnistökmum og framsetningu mánaðarlegrar skýrslu til stjórnar OR ásamt ársskýrslu og skýrslu stjórnar í ársreikningi félagsins.

Í október áttu stefnur um upplýsingatækni og upplýsingaöryggi og persónuvernd að koma til rýni stjórnar. Í þeim sama mánuði varð vart við öryggisbrest í vefkerfi OR, *Mínum síðum*, sem varð þess valdandi að óviðkomandi fletti upp orkureikningum viðskiptavina Veitna og ON. Brugðist var strax við, komið í veg fyrir öryggisbrestinn og persónuverndarfulltrúa OR og Persónuvernd gert viðvart. Þá var málið kært til lögreglu. Í kjölfar þessa var hrint af stað rótargreiningarvinnu með öllum hlutaðeigandi innan samstæðunnar og mun standa yfir í nóvember og desember. Sú vinna er grundvöllur að rýni og skoðun á því hvort og af hverju þá þurfi að gera breytingar á stefnum, ferlum, verklagi o.fl. Upplýsingatæknistefnan var lögð fram óbreytt á fundi stjórnar í desember með þeim fyrirvara að hún kæmi aftur á fund stjórnar að rótargreiningu lokinni. Í desember voru arðsemissstefna og arðgreiðslustefna lagðar fram til rýni. Gerð var tillaga að breytingum á arðgreiðslustefnu en óbreyttri arðsemissstefnu sem hlaut ítarlega rýni á síðasta ári. Þessar stefnur liggja fyrir eigendafundi þessa árs ásamt áhættustefnu sem rýnd var í stjórn OR á nóvemberfundi og samþykkt án breytinga.

Hafa þá allar þær stefnur, sem eigendastefnan tilgreinir verið teknar til endurskoðunar á árinu samhliða markmiðum og mælikvörðum. Yfirlit yfir allar stefnur má sjá á heimasíðu OR.

6 Samskipti og upplýsingagjöf

Eins og víða um atvinnulífið stendur nú yfir hjá samstæðunni innleiðing sjálfbærniregluverks Evrópusambandsins. Helsta markmið þess er að sporna við grænþvotti, það er röngum eða

vafasömum fullyrðingum um umhverfisvænleika tiltekna reksturs og setur slíkar rangfærslur undir sama hatt og rangfærslur í öðrum reikningsskilum. Regluverkið er þríþætt:

- Flokkunartilskipun þar sem settar eru fram loftslags- og umhverfiskröfur svo tiltekinn starfsþáttur geti talist grænn.
- Reglur um ársreikninga/ársskýrslur (Corporate Sustainability Reporting Directive) sem með innleiðingu í ársreikningalög gerir kröfu um viðeigandi sjálfbærniupplýsingar í reikningsskilum.
- Staðall grænna skuldabréfa, sem rammur inn kröfur til grænnar fjármögnunar en þær eru ekki einhlítar og að talsverðu leyti komnar undir fjármögnunaraðilum í dag.

Innleiðingin er nokkuð umfangsmikil, einkum breyting á bókhaldskerfum vegna flokkunarreglugerðarinnar svo að hægt sé að ná út úr kerfunum áreiðanlegar upplýsingar um hversu mikill hluti fjárfestinga og tekna samstæðunnar stenst umhverfis- og loftslagskröfur reglnanna.

OR sér einnig tækifæri í breytingunum. Nú er árlega gefin út ársreikningur, ársskýrsla, áhrifaskýrsla grænnar fjármögnunar, skýrsla um framfylgd eigendastefnu auk þess sem grænu bókhaldi er skilað. Takist vel til við innleiðingu regluverksins af hálfu stjórnvalda og innan samstæðu OR má sjá fyrir sér mun einfaldari skýrslugerð vegna fjárhags- og sjálfbærniþátta rekstursins.

Þá stendur yfir innleiðing nýrrar sjálfbærnistefnu OR. Í henni eru sex megináherslur og undir þeim 21 þýðingarmikill sjálfbærniþáttur. Uppbygging stefnunnar er með sama hætti og hinnar árangursríku umhverfis- og auðlindastefnu samstæðunnar sem upphaflega var sett árið 2012. Sú stefna er felld inn í nýju stefnuna sem og stefna OR um samfélagsábyrgð frá árinu 2015. Sú skerping sjálfbærniáherslna sem í stefnumótuninni felst kemur sér afar vel við innleiðingu þegar samþykktu og væntanlega stjórnvaldsfyrirmæla til varnar grænþvotti.

7 Ákvarðanir sem hljóta skulu samþykki eigenda

Samkvæmt sameignarsamningi skal stjórn OR vísa til eigenda „*Óvenjulegum, veigamiklum eða stefnumarkandi ákvörðunum*“. Slíkar ákvarðanir dótturfélaga skulu jafnframt lagðar fyrir eigendur OR og skal stjórn OR upplýst um þær. Í eigendastefnu eru jafnframt skilgreindar tilteknar ákvarðanir sem hljóta skulu samþykki eigenda. Í tengslum við endurskoðun eigendastefnu, sem lögð er til, þurfa eigendur að rýna þær ákvarðanir sem hljóta skulu samþykki. Má þar nefna ákvarðanir sem snúa að starfsemi (hvað) og starfssvæði (hvar) og spilar þar ekki síst inn í að hluthafar eru að koma að tveimur dótturfyrirtækja OR.

7.1 Carbfix

Ætlunin er að selja hluta til fjárfesta í hinu nýja dótturfélagi Carbfix ohf., Carbfix hf., sem getið var í 3. kafla. OR verður meirihlutaeigandi Carbfix. Í tengslum við hlutafjárukninguna hafa verið haldnir óformlegir fundir á árinu með handhöfum eigenda. Sala hlutafjár í Carbfix er til að hraða uppbyggingu félagsins og standa undir fjárfestingum, hvort tveggja hér á landi og erlendis. Undirbúningi útgáfu nýs hlutafjár í Carbfix er lokið, fjárfestakynningar hafa staðið yfir á árinu og væntingar um nýja meðeigendur á árinu 2024 endurspeglast í fjárhagsspá samstæðu OR sem var samþykkt í stjórn í október.

7.2 Ljósleiðarinn

Eigendur samþykktu á árinu að veita heimild til hækkun hlutafjár Ljósleiðarans ehf. um allt 33,33% af heildarhlutafé félagsins eða þannig að eignarhlutur OR yrði aldrei minni en 66,67% af heildarhlutafé félagsins. Hluthafafundur Ljósleiðarans samþykkti um miðjan september að auka hlutafé félagsins og bjóða nýjum hluthöfum það til kaups. Þess er vænst að söluférlí nýs hlutafjár í Ljósleiðaranum verði til lykta leitt á nýju ári.

7.3 Orkuöflun

Fyrirsjáanlegur er vöxtur í eftirspurn eftir grænni orku sem framleidd er með sjálfbærum hætti. Vinnsla á endurnýjanlegri orku skiptir lykilmáli í baráttunni við loftslagsvána. Orkuskiptin eru þýðingarmikil til að ná markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum og kalla á endurnýjanlega raforku. Í samræmi við eigendastefnu OR, sem er orku- og veitufyrirtæki í almannaeigu, ber fyrirtækið samfélagslega ábyrgð á orkuöflun sem staðið er að í sátt við umhverfi, náttúru og samfélag.

Í júní 2023 var greint frá því opinberlega að OR skoðar að reisa vindorkugarða í nágrenni Hellisheiðar. OR hafði þegar kynnt hlutaðeigandi bæjar- og sveitarstjórum og landeigendum þá vindorkukosti sem eru til skoðunar og jafnframt lagt fram beiðni til Orkustofnunar um að verkefnisstjórn rammaáætlunar fjalli um þrjá vindorkukosti í nágrenni Hellisheiðar auk mögulegrar dæluvirkjunar sem nýtt yrði sem jöfnunarafl.

Í október samþykkti borgarstjórn að beina því til stjórnar OR að skoða fýsileika þess að styðja við uppsetningu sólarsella á heimilum í Reykjavík. Á fundi stjórnar í sama mánuði samþykkti stjórn að málið yrði skoðað ásamt möguleikum á sambyggðum vindmyllum. Eitt sviða OR, Rannsóknir og nýsköpun, hefur hafið þessa greiningu.

8 Lokaorð

Eigendastefna OR er meira en áratugargömul. Breytingar í samfélaginu og innri starfsemi félagsins valda því að ramminn sem stjórn hefur til að vinna eftir er að óskýrast. Af því hljóttast nýjar áskoranir fyrir stjórn og ákvarðanatöku hennar.

Á eigendafundi OR 9. desember 2022 var skýrsla um framfylgd eigendastefnu lögð fram. Í henni voru eigendur hvattir, líkt og árið á undan, til að rýna eigendastefnuna. Á fundinum var bókað: „*Eigendur telja ástæðu til að huga að endurskoðun eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur, m.a. með hliðsjón af nýrri eigendastefnu Reykjavíkurborgar.*“

Í aðalfundargerð OR apríl 2023 er bókað að borgarstjóri hafi sagt það sitt álit að starfsemi OR væri í föstum og góðum skorðum sem mætti meðal annars rekja til mótunar eigendastefnu OR. Þá nefndi hann að komið hefði fram áður á vettvangi eigenda að stefnan væri til endurskoðunar og yrði nú að talsverðu leyti í höndum nýs fólks á vettvangi stjórnar, eigenda og fyrirtækisins.

Með hliðsjón af framangreindu, til að eigendastefna OR geti stutt við framþróun fyrirtækisins, er nú lögð fram tillaga á eigendafundi þess efnis að rýni eigendastefnunnar verði hrint úr vör 2024. Í skýrslu þessari og greinargerð sem fylgir tillögunni eru ástæður reifaðar og sá ávinningur sem rýnin gæti fært eigendum og stjórn.

Til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur

SFÞ/ES
Reykjavík 19. janúar 2024

Tillaga

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skorar á eigendur að skipa vinnuhóp til að endurskoða eigendastefnu, sameignarsamning og eftir atvikum lög um Orkuveitu Reykjavíkur, t.d. varðandi félagsform. Stofnsamþykktir skv. fyrirbyggjandi drögum verði afgreiddar að þeirri vinnu lokinni.

Greinargerð

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 23. október 2023 var ofangreind samþykkt bókuð. Fyrir fundinn var lagt fram til kynningar stofnsamþykktar-form fyrir Orkuveitu Reykjavíkur frá Reykjavíkurborg og minnisblað Elínar Smáradóttur, dags. 23. október 2023 um tillögu að stofnsamþykktum Orkuveitu Reykjavíkur.

Í minnisblaðinu segir:

Borgarritari hefur sent Orkuveitu Reykjavíkur drög að svokölluðum stofnsamþykktum fyrir fyrirtækið, en Reykjavíkurborg hefur á grundvelli eigendastefnu borgarinnar um fyrirtæki í hennar eigu lagt áherslu á að setja samræmdar stofnsamþykktir fyrir fyrirtækin.

Um Orkuveitu Reykjavíkur (OR) gilda lög nr. 136/2016, í gildi er sameignarsamningur eigenda, sem síðast var uppfærður árið 2014, auk eigendastefnu eigenda fyrirtækisins, sem einnig var uppfærð síðast árið 2014.

Fyrirbyggjandi drög að stofnsamþykktum byggja á því að um hlutafélög sé að ræða en OR er sem kunnugt er sameignarfyrirtæki. Í gegnum tíðina hefur oft verið rætt um kosti þess að breyta félagsformi OR, þannig að það verði opinbert hlutafélag og er skoðun á því í gangi. Til þess þyrfti breytingu á lögum um OR og rætt hefur verið um fleiri lagabreytingar vegna skattalegra ástæðna.

Einnig þyrfti að endurskoða og breyta sameignarsamningi og eigendastefnu OR til að samræma drögum að stofnsamþykktum, því efni draganna er í mörgum atriðum í ósamræmi við gildandi ákvæði sameignarsamnings og eigendastefnu. Eigendur þyrftu að sammælast um slíkar breytingar, því eins og segir í eigendastefnunni er hún *samstarfssáttmáli eigenda og verða ekki gerðar á henni breytingar nema í samkomulagi þeirra, samþykktar af sveitarstjórnunum og staðfestar á eigendafundi*. Það er af mörgum ástæðum tímabært að gera breytingar á eigendastefnunni og hafa handhafar eigendavalds rætt það á eigendafundum, en vinnan hefur ekki hafist.

Lagt er til að stjórn OR samþykki að skora á eigendur að skipa vinnuhóp til að endurskoða eigendastefnu, sameignarsamning og eftir atvikum lög um Orkuveitu Reykjavíkur. Stofnsamþykktir skv. fyrirbyggjandi drögum verði afgreiddar að þeirri vinnu lokinni.

Stefna Orkuveitunnar

- 16. janúar 2024 – Samþykkt stefna

Fylgt úr hlaði

Orkuveitan og dótturfélög hafa gegnt afar mikilvægu hlutverki í þágu samfélagsins í náinni tengingu við náttúru jarðar.

Hæfni og þekking starfsfólks hefur í áranna rás verið lykill að framþróun í þágu samfélagsins. Framsýni og nýsköpun hefur verið okkar einkenni, enda lítum við á okkur sem yfir 100 ára frumkvöðul.

Nú hefst nýtt tímabil þar sem við öll munum láta til okkar taka við brýn verkefni sem við blasa og **vera aflvaki sjálfbærrar framþróunar.**

Starfsemi og starfsfólk þarf að halda áfram að vera framsýnt í síbreytilegu umhverfi og tilbúið að grípa tækifæri og mæta áskorunum framtíðar.

Mótuð hefur verið stefna með aðstoð KPMG, með aðkomu starfsfólks og í samráði við dótturfélög.

Í samstæðunni er fjölbreytt starfsemi en sameiginleg leiðarljós. Dótturfélög munu þróa sínar stefnur og áherslur í samræmi við og til stuðnings nýrri stefnu.

Heildarstefna Orkuveitunnar er unnin á grunni eigendastefnu fyrirtækisins og byggir á henni. Útfærslur verða svo m.a. í undirstefnum, sem tilgreindar eru í eigendastefnu.

Þörf er á að eigendastefna og framtíðarsýn Orkuveitunnar styðji hvor við aðra. Það verður spennandi verkefni að fylgja því eftir.

Fjölbreytt verkefni verða sett af stað til að styðja við innleiðingu og framgang stefnunnar og starfsfólk verður virkjað til áhrifa. Verkefni taka svo breytingum yfir tíma.

Framkvæmd og innleiðing stefnu í alla starfsemi er lykilatriði og að stefnan styðji við og fléttist saman við alla daglega starfsemi.



Sævar Freyr Þráinsson
Forstjóri

Sagan er innblástur

Orkuveitan stendur á sterkum grunni forvera sinna.

Stórhugur og framsýni á undangengnum áratugum hafa lagt grunn að auknum lífsgæðum á starfssvæði Orkuveitunnar.

Í gegnum árin hafa þó skipst á skin og skúrir. Starfsemin hefur nú þróast í öfluga og fjölbreytta samstæðu sem er í stakk búin til að láta gott af sér leiða fyrir samfélagið.

Styrkur samstæðunnar, lærdómur sögunnar og þekking starfsfólks er innblástur til að móta stefnu og varða leiðina til framtíðar.



Áskoranir og tækifæri

Tækniþróun

- Nýir valkostir í orkuframleiðslu
- Stafræn tækni
- Gervigreind
- Netöryggismál

Samkeppni um starfsfólk

- Aukin samkeppni á atvinnumarkaði um hæft starfsfólk
- Laða að og halda í hæft starfsfólk
- Stefna og starfsemi höfðar til fólks

Loftslagsvá

- Ákall um aðgerðir til að draga úr losun og sporna við hlýnun jarðar
- Tímappressa viðbragða
- Aðlögunaraðgerðir

Vöxtur samfélaga

- Aukin eftirspurn eftir allri þjónustu
- Íbúafjöldun fylgir breytt búseta og þörf fyrir ný hverfi
- Breytingar á samgöngum
- Nýjar og vaxandi atvinnugreinar
- Ákall um grænar lausnir og nýsköpun

Orkuskipti

- Ákall um orkuskipti – þörf á aukinni orku til að skipta út jarðefnaeldsneyti
- Almenn eftirspurn eftir orku eykst stöðugt
- Ákvarðanir um forgangsröðun í fjárfestingum og sölu

Auknar kröfur

- Eigendur, neytendur, fyrirtæki og sveitarfélög
- Stefnum og lög
- Lánveitendur og fjárfestar
- Varnir gegn öryggis- og náttúruvá
- Aukið samstarf við lausn stórra verkefna og áskorana

Framtíðarsýn:

Við erum aflvaki sjálfbærrar framtíðar

Stefna og metnaður

Saga og velgengni Orkuveitunnar byggir á nýsköpun og framsýni – við höldum áfram á þeirri braut.

Áskoranir og tækifæri blasa við þegar horft er til loftslagsbreytinga, orkumála og tengdra þátta. Til að takast á við þessi brýnu og stóru verkefni þarf öflugt samstarf ólíkra aðila.

Metnaður okkar stendur til þess að vinna af krafti í samstarfi með öðrum, í orku, veitum og tengdri nýsköpun, til að félagið sjálft og viðskiptavinir þess geti stutt við sjálfbæra framþróun samfélagsins.

Metnaður okkar snýr að framúrskarandi þjónustu við fjölbreytta viðskiptavini, starfsemi í sátt við náttúru jarðar, ábyrgri liðsheild, skilvirkum stjórnarháttum og starfsemin öll stuðli að hagsæld.

Þannig leggjum við grunn að auknum lífsgæðum fyrir öll.

Viðskiptaáherslur og starfsemi

Orka

Öflun og sala orku

Ábyrg raforku- og varmavinnsla

Raforkusala um allt land

Forgangsröðun raforku í orkuskipti og uppbyggingu á grænni framtíð heimila og atvinnulífs

Gróska

Þróun á sviði orku, veitna og tengdrar starfsemi – uppspretta nýrra lausna og starfsemi


Nýjar lausnir, nýir markaðir, sprotar og vaxtarfyrirtæki

Blandað eignarhald í ákveðnum tilvikum – ekki í sérleyfisstarfsemi

Gagnaveita – allt landið

Kolefnisbinding – allur heimurinn

Ný samvinnuverkefni



Móðurfélag

Mótun stefnu og framkvæmd í samstarfi innan samstæðu
Skýr mörkun (e. branding) – fyrir fyrirtæki samstæðunnar - skoða að nota "Orkuveitan" í öllu efni tengt móðurfélagi

Miðlæg starfsemi og gagnkvæm samvinna með dótturfélögum:

- Rannsóknir og nýsköpun
- Menning og mannauður
- Fjármál
- Snjöll og stafræn framþróun
- Sjálfbærni

Veita

Uppbygging og rekstur veitukerfa

Hjá Veitum er áhersla á kjarnastarfsemi

Aflvaki orkuskipta og uppbyggingar á grænni framtíð heimila og atvinnulífs

Nýjar lausnir og framþróun í átt að aukinni sjálfbærni - ný nálgun við ný hverfi og stærri endurbætur

Gildin okkar:

- Heiðarleiki
- Framsýni
- Hagsýni
- Frumkvæði

Stefnuáherslur

Stefnan byggist á fjórum áherslum sem allar styðja hver við aðra



Fyrir viðskiptavininn

Við sköpum virði fyrir fjölbreyttan hóp viðskiptavina, setjum okkur í þeirra spor, erum snjöll og veitum framúrskarandi þjónustu.

Markmið:

Ánægðir viðskiptavinir

- Ánægja viðskiptavina mælist í fremstu röð

Snjöll og örugg þjónusta

- Einföld, upplýsandi og þægileg/aðgengileg fyrir viðskiptavini - stafræn en mannleg

Fjölbreytt viðskipti

- Fjölbreyttir viðskiptavinir, þjónusta og markaðir sem skilar virðisaukningu og sjálfbærri framtíð



Fyrir viðskiptavininn

Við sköpum virði fyrir fjölbreyttan hóp viðskiptavina, setjum okkur í þeirra spor, erum snjöll og veitum framúrskarandi þjónustu.

Markmið:

Ánægðir viðskiptavinir

- Ánægja viðskiptavina mælist í fremstu röð

Snjöll og örugg þjónusta

- Einföld, upplýsandi og aðgengileg fyrir viðskiptavini - stafræn en mannleg

Fjölbreytt viðskipti

- Fjölbreyttir viðskiptavinir, þjónusta og markaðir sem skilar virðisaukningu og sjálfbærri framtíð

Lykilþættir við framkvæmd:

- Stöðugar umbætur til að mæta þörfum ólíkra viðskiptavinahópa í nánu samstarfi innan samstæðu
- Nýting stafrænnar tækni til að bæta upplifun og þjónustu til viðskiptavina
- Öflug viðskiptaþróun og -tengsl sem skili virðisauka til fjölbreytts hóps viðskiptavina og efli um leið viðnámsþrótt samstæðunnar

Aukið framboð og sjálfbærar lausnir

Við erum forystuafli í orkuskiptum og þróun í átt að kolefnishlutlausri framtíð – styðjum við alþjóðlega skuldbindingu um að draga úr hlýnun jarðar, auka framleiðslu endurnýjanlegrar orku í heiminum og bæta orkunýtni.

Við styðjum vaxandi samfélög, heimili og atvinnulíf með auknu framboði í orku, veitustarfsemi og kolefnisbindingu.

Við erum sterk rödd í samtali um stefnu og þróun skilvirks regluverks.

Markmið:

Aukin orkuframleiðsla

- Sjálfbær og fjölbreytt orkuframleiðsla aukin umtalsvert í markvissum skrefum
- Aukin varmaframleiðsla til að mæta þörfum heimila og atvinnulífs

Ábyrg auðlindanýting

- Hámarka líftíma auðlinda, lágmarka umhverfisáhrif og standa með því vörð um líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi
- Brautryðjandi í hringrás í orku- og veitustarfsemi

Öflug veitukerfi

- Arðbærar og hagkvæmar háhraðatengingar í boði
- Tryggja að veitukerfi styðji við uppbyggingu, orkuskipti og sjálfbæra þróun

Kolefnishlutleysi

- Vottað kolefnishlutleysi 2040 miðað við bestu viðmið
- Alþjóðleg uppbygging Carbfix

Aukið framboð og sjálfbærar lausnir

Við erum forystuafli í orkuskiptum og þróun í átt að kolefnishlutlausri framtíð – styðjum við alþjóðlega skuldbindingu um að draga úr hlýnun jarðar, auka framleiðslu endurnýjanlegrar orku í heiminum og bæta orkunýtni.

Við styðjum vaxandi samfélög, heimili og atvinnulíf með auknu framboði í orku, veitustarfsemi og kolefnisbindingu.

Við erum sterk rödd í samtali um stefnu og þróun skilvirks regluverks.

Markmið:

Aukin orkuframleiðsla

- Sjálfbær og fjölbreytt orkuframleiðsla aukin umtalsvert í markvissum skrefum. Aukin varmaframleiðsla til að mæta þörfum heimila og atvinnulífs

Ábyrg auðlindanýting

- Hámarka líftíma auðlinda, lágmarka umhverfisáhrif og standa vörð um líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi
- Brautryðjandi í hringrás í orku- og veitustarfsemi

Öflug veitukerfi

- Arðbærar og hagkvæmar háhraðatengingar í boði um
- Tryggja að veitukerfi styðji við uppbyggingu, orkuskipti og sjálfbæra þróun

Kolefnishlutleysi

- Vottað kolefnishlutleysi 2040 miðað við bestu viðmið
- Alþjóðleg uppbygging Carbfix

Lykilþættir við framkvæmd:

- Markvisst unnið að orkuskiptum, samdrætti í notkun jarðefnaeldsneytis, sporióttari virðisbætur og bindingu kolefnis í andrúmslofti
- Fjölbreytt og aukin raforkuframleiðsla kallar á ítarlegan undirbúning, faglegt viðskipta- og áhættumat auk ábyrggrar auðlindastýringar þar sem m.a. er horft til þolmarka náttúrunnar og eflingar líffræðilegri fjölbreytni og vistkerfa, þróun orkukosta sem eru minna ágengir og samstarf við öfluga aðila.
- Ný nálgun, fræðsla og samstarf við viðskiptavinum miðar að því að auka hringrás og viðhalda auðlindum til lengri tíma

Nýsköpun og öflugt samstarf

Við erum leiðandi í nýsköpun og eftirsótt til samstarfs.

Við vinnum með eigendum, öðrum sveitarfélögum, heimilum og atvinnulífinu í átt að sjálfbærri framtíð með gagnkvæman ávinning að leiðarljósi.

Markmið:

Virðisaukandi lausnir


- Nýjar virðisaukandi lausnir fyrir hagaðila í átt að sjálfbærri framtíð
- Þróun og nýsköpun núverandi lausna til að hámarka líftíma auðlinda og bæta nýtingu

Kvik og hröð innleiðing

- Nýjar hugmyndir raungerast með hröðum og skilvirkum hætti

Árangursríkt samstarf

- Hröðun framþróunar
- Samvinna um stærri verkefni
- Gagnkvæmur ávinningur af samstarfi



Nýsköpun og öflugt samstarf

Við erum leiðandi í nýsköpun og eftirsótt til samstarfs.

Við vinnum með eigendum, öðrum sveitarfélögum, heimilum og atvinnulífinu í átt að sjálfbærri framtíð með gagnkvæman ávinning að leiðarljósi.

Markmið:

Virðisaukandi lausnir

- Nýjar virðisaukandi lausnir fyrir hagaðila í átt að sjálfbærri framtíð
- Þróun og nýsköpun núverandi lausna til að hámarka líftíma auðlinda og bæta nýtingu

Kvik og hröð innleiðing

- Nýjar hugmyndir raungerast með hröðum og skilvirkum hætti

Árangursríkt samstarf

- Hröðun frampróunar
- Samvinna um stærri verkefni
- Gagnkvæmur ávinningur af samstarfi

Lykilþættir við framkvæmd:

- Skapa vettvang og svigrúm þar sem samstarf, með þekkingu, fjármagni og eignarhaldi, getur af sér nýjar lausnir, tengt kjarnastarfsemi Orkuveitunnar og þróun grænnar atvinnuuppbyggingar
- Slíkum lausnum sé komið í framkvæmd í samstarfi Orkuveitunnar og ytri aðila, eftir því sem við á, með öruggum og hröðum hætti

Árangursmiðuð liðsheild og ábyrgur rekstur

Við erum metnaðarfull, kvik og fjölbreytt liðsheild sem skilar sér í skilvirkum og traustum rekstri.

Velliðan, vöxtur og metnaður hvers einstaklings er nátengd metnaði og markmiðum.

Við vinnum markvisst að alþjóðlegri samkeppnishæfni samstæðunnar með þróun og eflingu þekkingar og hæfni starfsfólks sem fær umboð til ákvarðana og áhrifa.

Markmið:

Fjölbreytt liðsheild

- Forystuafli fjölbreytileika og jafnréttis
- Starfsfólk nýtir hæfileika sína við umbreytingu og framþróun starfseminnar
- Öruggur og inngildandi vinnustaður

Skilvirk og snjöll

- Stafræn-hæfni er drifkraftur aukinnar framleiðni, ánægju viðskiptavina og samkeppnishæfni
- Skilvirkir og snjallir innviðir sem mæta ólíkum þörfum

Traustur rekstur

- Heilbrigður rekstrarafgangur og traustur fjárhagur sem skilar eðlilegum arði til eigenda
- Öflug áhættustjórnun
- Skýr ábyrgð, mæling og eftirfylgni árangurs

Framsýn forysta

- Sveigjanleg og framsýn liðsheild sem grípur tækifæri og mætir áskorunum framtíðar
- Stuðningur við þróun þekkingar og hæfni starfsfólks í samræmi við þarfir framtíðar
- Gagna- og innsæisdrifnar ákvarðanir auka skilvirkni og framleiðni

Árangursmiðuð liðsheild og ábyrgur rekstur

Við erum metnaðarfull, kvik og fjölbreytt liðsheild sem skilar sér í skilvirkum og traustum rekstri.

Vellíðan, vöxtur og metnaður hvers einstaklings er nátengd metnaði og markmiðum.

Við vinnum markvisst að alþjóðlegri samkeppnishæfni samstæðunnar með þróun og eflingu þekkingar og hæfni starfsfólks sem fær umboð til ákvarðana og áhrifa.

Markmið:

Fjölbreytt liðsheild

- Forystuafli fjölbreytileika og jafnréttis
- Starfsfólk nýtir hæfileika sína við umbreytingu og framþróun starfseminnar
- Öruggur og inngildandi vinnustaður

Skilvirk og snjöll

- Stafræn hæfni er drifkraftur aukinnar framleiðni, ánægju viðskiptavina og samkeppnishæfni
- Leiðandi í skilvirkum og snjóllum innviðum sem mæta ólíkum þörfum

Traustur rekstur

- Heilbrigður rekstrarafgangur og traustur fjárhagur sem skilar eðlilegum arði til eigenda
- Öflug áhættustjórnun
- Skýr ábyrgð, mæling og eftirfylgni árangurs

Framsýn forysta

- Sveigjanleg og framsýn liðsheild sem grípur tækifæri og mætir áskorunum framtíðar
- Stuðningur við þróun þekkingar og hæfni starfsfólks í samræmi við þarfir framtíðar
- Gagna- og innsæisdrifnar ákvarðanir auka skilvirkni og framleiðni

Lykilþættir við framkvæmd:


- Umboð til athafna og stuðningur við starfsfólk til að vaxa og þróast í starfi til að takast á við áskoranir í síbreytilegu umhverfi
- Ábyrg stjórnun og áhættustýring byggir á þekkingu, tækni og gögnum og skilar sjálfbærum rekstri
- Framsýn menning og metnaðarfull liðsheild skilar sér í árangri og eftirsóttum vinnustað

Viðauki 1:

Markmið og tenging við eigendastefnu og stuðningsstefnur

Eigendastefna Orkuveitunnar er leiðbeinandi um alla stefnumótun í samstæðu og órjúfanlegur hluti hennar. Allar undirstefnur í samstæðunni enda á „... er sett fram til samræmis við eigendastefnu fyrirtækisins.“

Eigendastefna OR er leiðbeinandi um alla stefnumótun í samstæðu



Álit innri endurskoðunar 2018

- „Stjórn OR og dótturfélaga og stjórnendur leiða eigendastefnuna markvisst í gegnum allar skipulagsheildir með heildarstefnu og útfærðum stuðningsstefnum sem sæta árlegri rýni á vettvangi stjórnar móðurfélagsins og stjórna dótturfélaganna. Þannig hefur verið lagður grunnur að stefnumiðaðri stjórnun innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og sú heildarstefnumótun sem farið hefur fram er til þess fallin að **styrkja eftirlitsumhverfi** fyrirtækisins.”

Innri endurskoðun Orkuveitu Reykjavíkur. (2018). *Vinnustaðamening og mannauðsmál hjá Orkuveitu Reykjavíkur*. Sótt 19.11.2018 af <https://www.or.is/um-or/frettir-og-tilkynningar/god-vinnustadarmening-hja-or-abendingar-um-urbaetur>

Markmið og tenging við eigendastefnu og stuðningsstefnur

Fyrir viðskiptavininn

Markmið	Eigendastefna	Stuðningsstefna
Ánægðir viðskiptavinir Ánægja viðskiptavina mælist í fremstu röð	<ul style="list-style-type: none">Í leiðarljósi eigendastefnu segir : ... „Fyrirtækið ber hag samfélagsins fyrir brjósti og umgengst náttúruna, auðlindir og viðskiptavini af virðingu.“	Gæðastefna Sjálfbærnistefna
Snjöll og örugg þjónusta Einföld, upplýsandi og þægileg/aðgengileg fyrir viðskiptavini - stafræn en mannleg	<ul style="list-style-type: none">Um hlutverk segir: ... „Orkuveita Reykjavíkur skal tryggja viðskiptavinum þjónustu á sanngjörnu og samkeppnishæfu verði.“	Upplýsingatæknistefna Stefna um upplýsingaöryggi og persónuvernd Gæðastefna
Fjölbreytt viðskipti Fjölbreyttir viðskiptavinir, þjónusta og markaðir sem skilar virðisaukningu og sjálfbærri framtíð	<ul style="list-style-type: none">Í leiðarljósi segir: ... „Eigendur vilja að litið verði til fyrirtækisins sem trausts samstarfsaðila, sem eftirsóknarvert sé að starfa fyrir og með og að það gegni veigamiklu hlutverki í samfélaginu.“	Gæðastefna Sjálfbærnistefna

Markmið og tenging við eigendastefnu og stuðningsstefnur

Aukið framboð og sjálfbærar lausnir

Markmið	Eigendastefna	Stuðningsstefna
Aukin orkuframleiðsla Sjálfbær og fjölbreytt orkuframleiðsla aukin umtalsvert í markvissum skrefum. Aukin varmaframleiðsla til að mæta þörfum heimila og atvinnulífs	<ul style="list-style-type: none">Um ákvarðanir sem hljóta skulu samþykki eigenda segir: „Áform um virkjanir eða aðra nýtingu auðlinda á öröskuðum svæðum, sem og þær framkvæmdir, sem krefjast mats á umhverfisáhrifum, hvort sem svæðin eru í eigu Orkuveitu Reykjavíkur eða annarra, teljast til veigamikilla og stefnumarkandi ákvarðana og skulu því koma til kasta eigenda.“	Sjálfbærnistefna
	<ul style="list-style-type: none">Í leiðarljósi segir : „. Eigendur vilja að litið verði til fyrirtækisins sem trausts samstarfsaðila, sem eftirsóknarvert sé að starfa fyrir og með og að það gegni veigamiklu hlutverki í samfélaginu.“	
	<ul style="list-style-type: none">Um kjarnastarfsemi segir: „Kjarnastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur felst í rekstri vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og fráveitu, sölu og framleiðslu á rafmagni og heitu og köldu vatni.“	
Ábyrg auðlindanýting -Hámarka líftíma auðlinda,-lágmarka umhverfisáhrif og standa með því vörð um líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi Brautryðjandi í hringrás í orku- og veitustarfsemi	<ul style="list-style-type: none">Um hlutverk OR segir : „Hún nýtir auðlindir á ábyrgan, sjálfbæran og hagkvæman hátt og af virðingu fyrir náttúrunni án þess að ganga á rétt komandi kynslóða.“	Sjálfbærnistefna
	<ul style="list-style-type: none">Um umhverfi og auðlindanýtingu segir : „Orkuveita Reykjavíkur skal leitast við að bæta nýtingu auðlinda og aðfanga í samræmi við sjónarmið sjálfbærrar þróunar.“	Sjálfbærnistefna
Öflug veitukerfi Arðbærar og hagkvæmar háhraðatengingar í boði Veitukerfi styðja við uppbyggingu, orkuskipti og sjálfbæra þróun	<ul style="list-style-type: none">Meginstarfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur er Suðvesturland. Tækifæri annars staðar eru skoðuð út frá hlutverki fyrirtækisins, arðsemi og áhættu og skulu staðfest af eigendum áður en stofnað er til skuldbindinga vegna þeirra.	Sjálfbærnistefna Arðsemisstefna
	Kolefnishlutleysi Vottað kolefnishlutleysi 2040 miðað við bestu viðmið Alþjóðleg uppbygging Carbfix	

Markmið og tenging við eigendastefnu og stuðningsstefnur

Nýsköpun og öflugt samstarf

Markmið	Eigendastefna	Stuðningsstefna
Virðisaukandi lausnir Nýjar virðisaukandi lausnir fyrir hagaðila í átt að sjálfbærri framtíð Þróun og nýsköpun núverandi lausna til að hámarka líftíma auðlinda og bæta nýtingu	<ul style="list-style-type: none">Um hlutverk segir : „Orkuveita Reykjavíkur er orku- og veitufyrirtæki sem leggur grunn að lífsgæðum í þeim sveitarfélögum sem hún þjónar. Hún nýtir auðlindir á ábyrgan, sjálfbæran og hagkvæman hátt og af virðingu fyrir náttúrunni án þess að ganga á rétt komandi kynslóða.“Um umhverfi og auðlindanýtingu segir : „Orkuveita Reykjavíkur skal leitast við að bæta nýtingu auðlinda og aðfanga í samræmi við sjónarmið sjálfbærrar þróunar.“Í lögum um OR segir um nýsköpun í 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. Um kjarnastarfsemi: “Einnig hafa Orkuveita Reykjavíkur og dótturfélög með höndum starfsemi sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækjanna, sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarnastarfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. geymslu koldíoxíðs og annarra vatnsleysanlegra gastegunda í jörðu.“	Sjálfbærnistefna Sjálfbærnistefna
Kvik og hröð innleiðing Nýjar hugmyndir raungerast með hröðum og skilvirkum hætti		
Árangursríkt samstarf Hröðun framþróunar Samvinna um stærri verkefni Gagnkvæmur ávinningur af samstarfi	<ul style="list-style-type: none">Í leiðarljósi segir : „Eigendur vilja að litið verði til fyrirtækisins sem trausts samstarfsaðila, sem eftirsóknarvert sé að starfa fyrir og með og að það gegni veigamiklu hlutverki í samfélaginu.“Í leiðarljósi segir : „Orkuveita Reykjavíkur kemur fram af heilindum og trausti og rækir samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni. Fyrirtækið ber hag samfélagsins fyrir brjósti og umgengst náttúruna, auðlindir og viðskiptavinum af virðingu. Eigendur vilja að litið verði til fyrirtækisins sem trausts samstarfsaðila, sem eftirsóknarvert sé að starfa fyrir og með og að það gegni veigamiklu hlutverki í samfélaginu.“	

Markmið og tenging við eigendastefnu og stuðningsstefnur

Árangursmiðuð liðsheild og ábyrgur rekstur

Markmið	Eigendastefna	Stuðningsstefnur
Fjölbreytt liðsheild Forystuafli fjölbreytileika og jafnréttis Starfsfólk nýtir hæfileika sína við umbreytingu og framþróun starfseminnar Öruggur og inngildandi vinnustaður	<ul style="list-style-type: none">Um stefnumótun segir að stjórn skuli móta stefnu í jafnréttis- og mannauðsmálum og um starfskjör.	Mannauðsstefna Jafnréttisstefna Starfskjarastefna
Skilvirk og snjöll Stafræn hæfni er drifkraftur aukinnar framleiðni, ánægju viðskiptavina og samkeppnishæfni Leiðandi í skilvirkum og snjöllum innviðum sem mæta ólíkum þörfum		Gæðastefna
Traustur rekstur Heilbrigður rekstrarafgangur og traustur fjárhagur sem skilar eðlilegum arði til eigenda Öflug áhættustjórnun Skýr ábyrgð, mæling og eftirfylgni árangurs	<ul style="list-style-type: none">Um fjárhagsleg markmið segir : „Stjórn Orkuveita Reykjavíkur skal gera tillögu til eigendafundar um arðgreiðslustefnu sem felur í sér að arður er að jafnaði greiddur út til eigenda að fjárhagslegum skilyrðum uppfylltum, m.a. að fjárhagslegur styrkleiki fyrirtækisins sé nægur og nægt laust fé sé til staðar til reksturs og fjárfestinga félagsins.“Um áhættu í rekstri segir : „Orkuveitu Reykjavíkur ber að setja sér áhættustefnu til að draga sem kostur er úr áhrifum ytri fjárhagslegra áhættuþátta á tekjur, þjónustu, eignir og skuldir fyrirtækisins. Áður en ákvarðanir eru teknar um fjárfestingar og fjárskuldbindingar ber Orkuveitu Reykjavíkur að meta áhættu sem í þeim kann að felast.“Um fjárhagsleg markmið segir : „Orkuveita Reykjavíkur skal innleiða mælikvarða sem sýna hvernig arðsemiskröfu eigenda er mætt að teknu tilliti til áhættu þeirra af ábyrgðum vegna fyrirtækisins. Skal arðsemiskrafan greind eftir starfsþáttum, áhættu hvers starfsþáttar og fjármögnun hans. Tillaga stjórnar og greinargerð um arðsemi- og fjárhagsmælikvarða skal lögð fyrir eigendafund til staðfestingar.“	Arðsemisstefna Arðgreiðslustefna Áhættustefna Arðsemisstefna Áhættustefna
Framsýn forysta Sveigjanleg og framsýn liðsheild sem grípur tækifæri og mætir áskorunum framtíðar Stuðningur við þróun þekkingar og hæfni starfsfólks í samræmi við þarfir framtíðar Gagna- og innsæisdrifnar ákvarðanir auka skilvirkni og framleiðni		Mannauðsstefna

Viðauki 2:

Mælikvarði á markmið

Mótast í framhaldi af nánari vinnu stjórnar og stjórnenda og verður að fá samþykki eigenda er sú vinna liggur fyrir

Mælikvarðar

- Útfærsla á mælikvörðum og greinargerð verður lögð fyrir eigendafund til staðfestingar.
- Stefnt að því að þeirri vinnu ljúki á vormánuðum 2024

Viðauki 3:

Aðgerðaráætlun – fyrstu drög

Mótast í framhaldi með breiðri þátttöku starfsfólks – reglulega endurmótað í samræmi við þróun og aðstæður

Vörður að framtíðarsýn

Fyrir viðskiptavininn

Markmið	Verkefni	Forgangur
Ánægðir viðskiptavinir	<ul style="list-style-type: none">Áætlun dótturfélaga til næstu / þriggja ára um markmið og aðgerðir tengd ánægju viðskiptavina – m.a. varðandi hagkvæma, örugga og hraða þjónustu og svartíma erinda – yfirfarin árlega.	
	<ul style="list-style-type: none">Breytileg gjaldskrá eftir álagi og notkun.	
	<ul style="list-style-type: none">Samstarf með viðskiptavininum um bættu orkunýtingu	
Snjöll og örugg þjónusta	<ul style="list-style-type: none">Áætlun til næstu / þriggja ára unnin í samstarfi Orkuveitunnar og dótturfélaga um hagnýtingu og innleiðingu tækni- og stafrænna lausna til að bæta upplifun viðskiptavina – yfirfarin árlega.	
	<ul style="list-style-type: none">Orkuframleiðsla og –sala í báðar áttir	
Fjölbreytt viðskipti	<ul style="list-style-type: none">Öflug viðskiptaþróun og tengsl hjá öllum viðskiptaæiningum – m.a. samskipti við viðskiptavini, greining á framtíðarþörfum, auknum viðnámsþrótti, tækifærum og áhættum.	

Vörður að framtíðarsýn

Aukið framboð og sjálfbærar lausnir

Markmið	Verkefni	Forgangur
Aukin orkuframleiðsla	• Markviss undirbúningur; rannsóknir, skilvirk öflun leyfa og réttinda	
	• Nýting fjölbreyttra orkukosta fyrir raforku og varma	
	• Uppbygging orkuvera í samstarfi með öðrum eftir því sem hagfelld er	
Ábyrg auðlindanýting	• Aðgerðaáætlun allra eininga til næstu / fimm ára um nýtingu og hringrás – yfirfarin árlega	
	• Fræðsla og stuðningur við viðskiptavinum til bættrar nýtingar og umgengni við auðlindir	
	• Þróa nýjar leiðir til bættrar auðlindanýtingar	
Öflug veitukerfi	• Aðgerðaáætlun allra eininga til næstu / fimm ára – yfirfarin árlega	
	• Öflugt og tímanlegt samstarf við samfélög og atvinnulíf	
	• Hreinsun fráveitu og aðskilnaður strauma í nýjum veitum	
Kolefnishlutleysi	• Aðgerðaáætlun allra eininga til næstu / fimm ára í loftslagsmálum – yfirfarin árlega	
	• Markvisst unnið að sporléttari virðiskeðju	

Vörður að framtíðarsýn

Nýsköpun og öflugt samstarf

Markmið	Verkefni	Forgangur
Virðisaukandi lausnir	<ul style="list-style-type: none">Efla nýsköpun við þróun og mótun virðisaukandi lausna	
	<ul style="list-style-type: none">Laða að þekkingu og nýta styrk, innri sem ytri aðila, til eflingar rannsókna og nýsköpunar	
Kvik og hröð innleiðing	<ul style="list-style-type: none">Skýra ferla og nýta drifkraft starfsfólks til árangursríkrar innleiðingar lausna og tækniþróunar – frá hugmynd til hagnýtingar	
	<ul style="list-style-type: none">Lærdómur og bestu viðmið við innleiðingu breytinga og nýjunga og samstarf við ytri aðila	
Árangursríkt samstarf	<ul style="list-style-type: none">Koma á samstarfi við öfluga aðila tengt stærri verkefnum s.s. þekkingu, fjármögnun og eignarhald	
	<ul style="list-style-type: none">Samstarf um þróun orku- og veitukerfa	
	<ul style="list-style-type: none">Markviss tengslamyndun og virkt samstarf með hagaðilum, viðskiptavinum og samstarfsaðilum, s.s. með ráðstefnum og miðlun upplýsinga til að þroska hugmyndir og lausnir	
	<ul style="list-style-type: none">Samstarf við viðskiptavini, með sérstaka áherslu á græna iðngarða, loftslagsgarða og aðra sem stuðla að sjálfbærri framtíð	

Vörður að framtíðarsýn

Árangursmiðuð liðsheild og ábyrgur rekstur


Markmið	Verkefni	Forgangur
Fjölbreytt liðsheild	• Starfsfólk fær umboð og tækifæri til að vaxa og hafa áhrif	
	• Efling hæfileika í takt við framtíðarþarfir laða að og halda framúrskarandi fólki	
	• Fjölbreytileiki starfa aukinn með sérstakri áherslu á jafnrétti kynja	
Skilvirk og snjöll	• Innleiða kvika (e. agile) menningu og ferla í alþjóðlegu og sveigjanlegu starfsumhverfi	
	• Stafræn umbreyting, gervigreind og önnur ný tækni nýtt til að hámarka árangur	
	• Fjárfest í þróaðri tækni og gagnagæðum til að efla og mæla frammistöðu, helgun og framleiðni	
Traustur rekstur	• Samstilling – stefna og aðgerðir sem fylgja fjárhagsáætlun innan samstæðu hjá stjórnendum	
	• Leiðtogar stýra áhættum og setja stöðu og þróun rekstrar í brennidepil með skýrum mælingum	
Framsýn forysta	• Fyrirmyndarstjórnarhættir, uppfærð eigendastefna og skipurit sem styður við áskoranir á skilvirkan hátt	
	• Öflug liðsheild þvert á samstæðu	
	• Ekkert kyn meira en 60% í stjórnendateymum	

[Stefna lögð fram á stjórnarfundum 28. október 2023]



Arðsemisstefna Orkuveitu Reykjavíkur (OR) felur í sér að starfspættir dótturfélaga skili viðunandi arðsemi. Þetta felur í sér að skilgreind eru arðsemismarkmið og vikmörk á ásættanlegri arðsemi starfspáttu að teknu tilliti til undirliggjandi áhættu, sjálfbærniþiðmiða og viðráðanlegs verðs. Arðsemismarkmiðin og vikmörk tilgreindra starfspáttu gefa þannig til kynna hvort arðsemi sé of lág, viðunandi eða í tilfalli sérleyfisstarfsemi of há. Sé arðsemi utan viðmiðunarmarka skal grípa til mótverkandi aðgerða sbr. að neðan:

- **Óviðundandi arðsemi:** ef arðsemi er undir neðri mörkum þarf mögulega að hækka gjaldskrá og hagræða í rekstri. Ekki er heimilt að greiða út arð við þessar aðstæður.
- **Viðunandi arðsemi:** ef arðsemi er innan skilgreindra marka skal rekstri hagað þannig, m.t.t. rekstrarútgjalda og gjaldskrá, að arðsemi fari ekki út fyrir viðmiðunarmörk. Mögulegt rými er til staðar fyrir arðgreiðslur til eigenda að uppfylltum arðgreiðsluskilyrðum, sjá nánar arðgreiðslustefnu.
- **Arðsemi umfram kröfu:** ef arðsemi er yfir efri mörk skal kanna hvort ástæður séu til gjaldskrárlækkana í sérleyfisstarfsemi og/eða arðgreiðslna að uppfylltum arðgreiðsluskilyrðum, sjá nánar arðgreiðslustefnu. Samkeppnisstarfsemi er undanskilin þessum mörkum.



Stjórn samþykkir nánari útfærslu arðsemismarkmiða og viðmiðunarmarka fyrir hvern miðil/fyrirtæki.

Arðsemisstefna OR er ákvörðuð til samræmis við eigendastefnu OR.

Tilvísanir

[SKI-100](#); Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.

[Stefna lögð fram óbreytt í stjórn OR þann 31.10.2022]

Arðgreiðslustefna Orkuveitu Reykjavíkur felur í sér að arðgreiðslur séu að jafnaði greiddar til eigenda að fjárhagslegum skilyrðum uppfylltum, m.a. að fjárhagslegur styrkleiki fyrirtækisins sé nægur og nægt laust fé sé til staðar til reksturs og fjárfestinga félagsins.

Jafnframt skal arðsemi af rekstri samstæðunnar vera innan lágmarksviðmiðs um arðsemi sem kveðið er á um í arðsemistefnu félagsins. Stefna skal að viðvarandi og stöðugum arðgreiðslum til eigenda að því marki að þær ógni ekki fjárhagsstöðu samstæðunnar til framtíðar litið.

Fjárhagsskilyrðin, sem ákvörðuð eru hér að neðan, snúa meðal annars að stöðu og horfum eftirfarandi þátta: eiginfjárhlutfall, lausafjárstaða, skuldsetning, fjárfestingar og rekstur félagsins. Skilyrðin skulu uppfyllt áður en til arðgreiðslu kemur og að henni lokinni án þess að fjárhagslegum skilyrðum sé ógnað til framtíðar litið.

Skilyrðin eru þessi og gilda um árslokastöðu skv. reikningsskilum samstæðunnar og fjárhagsáætlun næstu ára að teknu tilliti til arðgreiðslu. Skilyrðin miðast við meðaltal þriggja ára, nánar tiltekið síðasta ársreikning, útkomuspá yfirstandandi árs og spá næsta árs á eftir

Frá og með 2019

1. Veltufjárhlutfall (leiðrétt m.t.t. innb. afleiðna)	>1,0
2. Eiginfjárhlutfall	>40%
3. FFO vaxtaþekja	>3,5
4. RCF / nettó skuldir	>13%

Skilgreiningar:

(Veltufjármunir – innbygg. afl. á meðal veltufjármuna)

Veltufjárhlutfall (leiðrétt m.t.t. innb. afleiðna) = (Skammtímaskuldir – innbygg. afl. á meðal skammtímaskulda)

FFO = Handbært fé frá rekstri (e. funds from operation)

Nettó skuldir = Vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé og annarra vaxtaberandi fjáreigna

FFO Vaxtaþekja = mælir getu fyrirtækis til að standa við vaxtagreiðslur af skuldbindingum sínum

RCF = Handbært fé frá rekstri að frádregnum arðgreiðslum.

Stefnan byggir á gildum og heildarstefnu OR og er sett fram til samræmis við eigendastefnu samstæðunnar.

Tilvísanir

[SKI-100](#); Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.

[Stefna lögð fram óbreytt í stjórn OR þann 34235.49109.20223]

Arðgreiðslustefna Orkuveitu Reykjavíkur felur í sér að arðgreiðslur séu að jafnaði greiddar til eigenda að fjárhagslegum skilyrðum uppfylltum, m.a. að fjárhagslegur styrkleiki fyrirtækisins sé nægur og nægt laust fé sé til staðar til reksturs og fjárfestinga félagsins.

Jafnframt skal arðsemi af rekstri samstæðunnar vera innan lágmarksviðmiðs um arðsemi sem kveðið er á um í arðsemistefnu félagsins. Stefna skal að viðvarandi og stöðugum arðgreiðslum til eigenda að því marki að þær ógni ekki [láns hæfi og](#) fjárhagsstöðu samstæðunnar til framtíðar lítið.

Fjárhagsskilyrðin, sem ákvörðuð eru hér að neðan, snúa meðal annars að stöðu og horfum eftirfarandi þátta: eiginfjárhlutfall, lausafjárstaða, skuldsetning, fjárfestingar og rekstur félagsins. Skilyrðin skulu uppfyllt áður en til arðgreiðslu kemur og að henni lokinni án þess að fjárhagslegum skilyrðum sé ógnað til framtíðar ~~þið~~ [að teknu tilliti til óvissuþátta](#).

Skilyrðin eru þessi og gilda um árslokastöðu skv. reikningskilum samstæðunnar og [nýjustu fjárhagsáætlun fjárhagsspá til](#) næstu ára að teknu tilliti til arðgreiðslu. [Skilyrðin miðast við meðaltal þriggja ára, nánar tiltekið síðasta ársreikning, útkomuspá yfirstandandi árs og spá næsta árs á eftir](#)

Frá og með 2019

1. Veltufjárhlutfall (leiðrétt m.t.t. innb. afleiðna)	>1,0
2. Eiginfjárhlutfall	>40%
3. FFO vaxtaþekja	>3,5
4. RCF / nettó skuldir	>13%

Skilgreiningar:

(Veltufjármunir – innbygg. afl. á meðal veltufjármuna)

Veltufjárhlutfall (leiðrétt m.t.t. innb. afleiðna) = (Skammtímaskuldir – innbygg. afl. á meðal skammtímaskulda)

FFO = Handbært fé frá rekstri (e. funds from operation)

Nettó skuldir = Vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé og annarra vaxtaberandi fjáreigna

FFO Vaxtaþekja = mælir getu fyrirtækis til að standa við vaxtagreiðslur af skuldbindingum sínum

RCF = Handbært fé frá rekstri að frádregnum arðgreiðslum.

Stefnan byggir á gildum og heildarstefnu OR og er sett fram til samræmis við eigendastefnu samstæðunnar.

Tilvísanir

[SKI-100](#); Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur
Sendandi: Benedikt K. Magnússon
Dagsetning: 23. október 2023
Efni: **Rýni arðsemis- og arðgreiðslustefnu**

Á eigendafundi OR 9. desember 2022 voru teknar fyrir eftirtaldar stefnur til staðfestingar eigenda:

Arðsemisstefna OR, sbr. samþykkt stjórnar OR 31. október 2022, lögð fram til staðfestingar, með breytingatillögum. Benedikt K. Magnússon kynnti stefnuna og skilyrðin sem í henni felast. Stefnan samþykkt samhljóða. *Með breytingum.*

Arðgreiðslustefna OR, sbr. samþykkt stjórnar OR 31. október 2022, lögð fram til staðfestingar, óbreytt. Benedikt K. Magnússon kynnti stefnuna og arðgreiðsluskilyrðin sem í henni felast. Stefnan samþykkt samhljóða. *Án breytinga.*

Þess ber að geta að tillaga að breytingu á FFO vaxtaþekju var lögð fyrir stjórn OR 27. júní 2022 og samþykkt á stjórnarfundi 22. ágúst 2022. Breytingin fól ekki í sér breytingu á arðgreiðslustefnu en var talin betur samræmast skilgreiningu á FFO vaxtaþekju í arðgreiðslustefnunni.

Reglubundinn rýni á þessum stefnum fyrir árið 2023

- *Arðsemisstefna* OR er lögð fram óbreytt.
Rök: Stefnan var rýnd ítarlega fyrir ári síðan og ekki hafa komið upp ástæður til að breyta núverandi stefnu.
- *Arðgreiðslustefna* OR er lögð fram með breytingum og fylgir með sem fylgiskjal.

Tillögur að breytingum á arðgreiðslustefnu eru óverulegar en taka mið af því með hvaða hætti arðgreiðslutillaga hefur verið mótuð. Breytingunum er þannig ætlað að skýra og styðja betur þá framkvæmd sem hefur verið viðhöfð við gerð arðgreiðslutillögu:

- Nú er vísað til þess að arðgreiðslur ógni ekki aðeins fjárhagsstöðu félagsins heldur einnig lánshæfi. Breytingin snýr að því að félagið hafi traustan og greiðan aðgang að fjármagnsmörkuðum á hagkvæmum kjörum.
- Nú er vísað til þess að fjárhagslegum skilyrðum sé ekki ógnað til framtíðar að teknu tilliti til óvissuþátta. Óvissuþættir eru hér hugsaðir í víðu samhengi, t.a.m. í þeim tilgangi að við mótun arðgreiðslutillögu sé horft til, og teknir til greina, óvissuþættir sem samstæðan stendur frammi fyrir. T.a.m. að tekið sé tillit til óvissu tengd hlutafjár aukningu tveggja félaga samstæðunnar líkt og gert var við mótun arðgreiðslutillögu vegna afkomu ársins 2022.

- Nú er vísað til nýjustu fjárhagsspár í stað fjárhagsáætlunar. Hér er verið að horfa til þess að þegar arðgreiðslutillagan er mótuð er ljóst að forsendur samþykkrar fjárhagsspár hafa breyst auk þess sem rauntölur síðastliðins árs liggja fyrir. Því er lagt til að horft sé til nýjustu fjárhagsspár sem endurspeglar breytingar frá samþyktri fjárhagsspá og tekur tillit til raun niðurstaðna síðastliðins árs.
- Vísun í meðaltal þriggja ára er fjarlægð þar sem meðaltalið gerir erfiðara um vik að ákvarða viðeigandi fjármögnun og arðgreiðslur fyrir einstök ár. Með því að horfa til einstakra ára í stað meðaltals er einnig horft til þess að arðgreiðsluskilyrði séu uppfyllt fyrir sérhvert ár.
- Texti um að skilyrði gildi frá og með 2019 er fjarlægður þar sem hann hefur enga merkingu fyrir stefnuna í dag.

[Stefna yfirfarin og samþykkt á stjórnarfundum 28.10.2023]

Starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur (OR) einkennist af varfærni í samræmi við skyldur fyrirtækis í eigu sveitarfélaga sem opinberra aðila, skv. lögum um Orkuveitu Reykjavíkur og önnur lög og reglur og viðmið um skyldur og góða stjórnarhætti.

Meginmarkmið áhættustefnu er að tryggja að OR geti sinnt grunnhlutverki sínu á öruggan og hagkvæman máta með lágmarksáhættu. Þetta gerir OR með því að:

- draga úr sveiflum í afkomu samstæðunnar á hverjum tíma með tilliti til undirliggjandi áhættu í rekstrinum og að áhættuþættir séu ávallt innan skilgreindra marka sem stjórnin setur og er skráð í áhættuhandbók.
- tryggja að OR hafi nægt fé til að standa undir uppbyggingu á þjónustu og reglulegri starfsemi
- greina, meta og stýra áhættum í rekstri með hliðsjón af starfsemi, stefnum OR og skilgreindum mörkum.

Stjórn felur forstjóra að framfylgja áhættustefnu í rekstri OR og upplýsa um áhættur utan marka. Áhættuhandbók OR og tengd skjöl lýsa heildarsýn og skilgreina tegundir áhættu, mælikvarða við mat á þeim ásamt aðferðum og mörkum. Breytingar á mörkum krefjast samþykktar stjórnar OR. Áhættustefnan byggir á gildum og heildarstefnu OR og er sett fram til samræmis við eigendastefnu fyrirtækisins.

Tilvísanir

[SKI-100](#); Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.
[VRO-020](#); Áhættuhandbók.

OR's Risk Policy

RE's operations are characterized by prudence in accordance with the obligations of a company owned by municipalities as public entities, cf. the Act on OR and other laws and regulations and criteria on obligations and good governance. The Risk Policy 's main goal is to ensure OR's capability to take care of its role in a safe and cost-effective manner with minimal risk. OR does this by:

- Reducing fluctuation in the company 's operations at any given time due to underlying risks in the operation and making sure exposures are kept within boundaries defined by the board and stated in the Risk manual.
- Ensuring that OR has enough resources to support growth of services and regular activity.
- Analyze, evaluate, and manage risks in operations with regards to RE's policies and defined boundary.

The board entrusts the CEO to follow the Risk Policy in OR's operation and informing about outside risks. OR's risk manual and related documents describe an overall view and define types of risk, criteria for assessing them as well as methods and boundaries. Changes in boundaries require the approval of OR's board of directors.

The Risk Policy is based on OR's values and strategy and is presented in accordance with the company's ownership strategy.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur

Sendandi: Sævar Freyr Þráinsson forstjóri, Dagmar I. Birgisdóttir leiðtogi áhættustjórnunar og Gísli Björn Björnsson sérfræðingur í Fjárstýringum og greiningum.

Dagsetning: Nóvember 2023

Efni: **Rýni áhættustefnu 2023**

Leiðbeiningar um góða stjórnarhætti

Í samræmi við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti skal stjórn OR reglulega staðreyna virkni innra eftirlits og áhættustjórnunar. Stjórn OR hefur tryggt skilvirka og skjalfesta ferla um áhættustýringu og áhættustefnu. Til staðar er virkt innra eftirlitskerfi sem er skjalfest og formfestir hvernig félagið vinnur að markmiðum sínum, staðsetur ábyrgð í innra starfi og skýrir ábyrgð stjórnar á því starfi. Árleg rýni áhættustefnu byggir á skjalfestu Markmiðsferli. Þar er skilgreint forystuhlutverk ábyrgðaraðila áhættustefnu og það með hvaða hætti hann mótar verklag og regluverk gagnvart málaflokknum þvert á samstæðuna. Ábyrgðaraðili fylgir því eftir með vöktun, eftirliti og skýrslugerð til stjórnenda og stjórna félaganna.

Stjórn OR hefur virkt eftirlit með veigamestu óvissupáttum í rekstri samstæðunnar. Áhættuskýrslu fyrir samstæðu OR er skilað til stjórnar OR með reglubundnum hætti og þar er fjallað um áhættustýringu, rekstraráhættu og aðrar áhættur í starfsemi OR. Þá er í rafrænni UFS skýrslu greint frá áhættu í rekstri OR sem lúta að framtalspáttunum í UFS-viðmiðunum.

Innri endurskoðun heyrir beint undir stjórn og leggur mat á virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnháttu með stöðugar umbætur að markmiði. Í júní voru ábendingar Innri endurskoðunar kynntar stjórn OR. Unnið hefur verið að umbótum síðan þá og áætlað er að þeim verði lokið vorið 2024. Þá verða umbætur kynnar stjórn OR. Innri endurskoðun gerir í kjölfar umbótanna endurúttekt.

Áhætturáð

Hjá OR er starfandi áhætturáð. Áhætturáð mótar og rýnir áhættustefnu og vaktar framkvæmd hennar. Áhætturáð fundar að jafnaði mánaðarlega. Áhætturáð er skipað af forstjóra. Í áhætturáði sitja forstjóri og framkvæmdastjórnar OR. Fundi Áhætturáðs OR sitja jafnframt leiðtogi áhættustjórnunar, forstöðumaður ÖHÁ og sérfræðingur í Fjárstýringum og greiningum. Á fundum er fjallað um helstu áhættuþætti og áhættumælikvarða og teknar ákvarðanir innan marka áhættustefnunnar.

Á fundi áhætturáðs OR 14. nóvember s.l. var áhættustefna félagsins rýnd. Eftir yfirferð og umræðu var *lagt til að áhættustefnan yrði lögð fram óbreytt fyrir stjórn OR, en rýni færi fram í kjölfarið á nýrri heildarstefnu OR samstæðu*. Áhættustefnan fylgir minnisblaði þessu.